AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Deiliskipulag frístundahúsabyggðar í Hrífunesi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 23. mars 2005 samþykkt tillögu að deiliskipulagi frístundahúsabyggðar í Hrífunesi. Uppdrættir og greinargerð skipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagstofnun hefur yfirfarið framsend gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 30. mars 2005.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Skaftárhreppi,

Oddur Bjarni Thorarensen.

Nr. 361 10. mars 2005

REGLUGERÐ

um flugvernd.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að koma á og framkvæma viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir sem beinast gegn almenningsflugi.

Reglugerð þessi innleiðir flugverndaráætlun Íslands eins og við á auk þess sem hún innleiðir reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins eins og nánar greinir í 41. gr. með þeim breytingum sem lúta að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinar nr. 61/2004, merkt fylgiskjal I.

2. gr.

Gildissvið o.fl.

Reglugerð þessi gildir um allt millilandaflug um flugvelli sem jafnframt eru landamærastöðvar á Íslandi.

Samþykkja má innlendar verndarráðstafanir til að veita nægilega vernd aðgreindum flugverndarsvæðum flugvalla, þar sem einungis er um að ræða almannaflug eða þar sem atvinnustarfsemi takmarkast við loftför með minni en 10 tonna hámarksflugtaksþyngd eða færri en 20 sæti.

3. gr.

Orðskýringar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Aðflugsstjórnarþjónusta (Approach control service): Flugstjórnarþjónusta við stjórnað flug í aðflugi og brottflugi.

Aðgreint flugverndarsvæði (Demarcated area): Svæði aðskilið frá öðrum haftasvæðum flugvallarins með stjórnuðum aðgangi.

Almannaflug (General Aviation): Áætlunarflug eða óreglubundið flug sem stendur ekki til boða eða er ekki aðgengilegt almenningi.

Almenningsflug (Civil aviation): Flug í samræmi við reglur sem settar eru af flugmálayfirvöldum og starfrækt undir eftirliti eða stjórn Flugmálastjórnar Íslands sem fer með flugumferðarþjónustu fyrir allt flug annað en herflug. Almenningsflug tekur hvort tveggja til atvinnuflugs og einkaflugs.

Áningarfarþegi (Transit Passenger): Farþegi sem fer frá borði loftfars og heldur áfram ferð sinni með flugi sem hefur sama flugnúmer og það sem hann kom með.

Áningarsalur/svæði (Transit Hall): Salur þar sem áningarfarþegar og aðrir framhaldsfarþegar bíða þess að halda áfram ferð sinni.

Bakgrunnsathugun (Background check): Athugun á því hver einstaklingurinn er og fortíð hans, þ.m.t. hvort hann eigi afbrotaferil að baki sem lið í mati á því hvort óhætt er að heimila honum aðgang að haftasvæði flugverndar án fylgdar.

Bannaður hlutur (Prohibited article): Hlutur sem nota má til að fremja ólöglegt athæfi og sem hvorki hefur verið gerð grein fyrir á viðeigandi hátt né hann meðhöndlaður samkvæmt lögum og reglum. Viðmiðunarskrá yfir bannaða hluti af þvi tagi er að finna í viðauka við reglugerð þessa.

Boðsending (Courier parcels/mail): Skjöl eða pakkar sem fluttir eru undir sömu flutningsskilyrðum og hraðsendingar, eða fluttar sem innritaður farangur eða handfarangur með sendiboða, sem ekki er víst að sé kunnugt um innihald sendingarinnar.

Flugafgreiðsluaðili (Ground handling agent): Aðili sem á grundvelli samnings við flugrekanda annast hvers kyns afgreiðslu og þjónustu við loftför og farþega sem flugrekandi þarfnast á jörðu niðri. Í henni felst m.a. tækni- og flugrekstrarþjónusta við loftför, öll afgreiðsla vegna farþega, póst- og farmflutninga auk þess að afla aðfanga og flugvista fyrir loftför.

Flugskiptafarþegi (Transfer passenger): Farþegi sem skiptir um flugvél á flugvelli og heldur áfram för sinni í flugi með öðru flugi á sama flugvelli eða öðrum flugvelli í sama ríki.

Flugturnsþjónusta (Aerodrome control service): Flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð.

Flugvernd (Aviation Security): Sambland af ráðstöfunum og mannlegum og náttúrulegum úrræðum til að vernda almenningsflug gegn ólöglegum aðgerðum.

Flugverndarathugun á loftfari (Aircraft Security Check): Skoðun á loftfarinu innanverðu þar sem farþegar geta haft aðgang og skoðun á lestinni með það fyrir augum að finna bannaða hluti.

Flugverndaráætlun (Aviation Security Programme): Skipulag og reglur samkvæmt því um varúðarráðstafanir, viðbrögð og tækjaviðbúnað sem settar eru fyrir tiltekið svæði, t.d. ríki eða einstaka flugvelli og ætlað er að vernda almenningsflug gegn ólögmætum afskiptum.

Flugverndarfulltrúi (Security Officer): Fulltrúi eftirlitsskylds aðila sem samþykktur er af flugmálayfirvöldum og ábyrgur er fyrir að leiðbeina, innleiða og framfylgja flugverndaráætlun. Flugverndarfulltrúi starfar sem sérstakur trúnaðarmaður flugmálayfirvalda varðandi flugverndarmál.

Flugverndarleit í loftfari (Aircraft Security Search): Nákvæm skoðun á loftfarinu að utan og innan með það fyrir augum að finna bannaða hluti.

Flugverndarstarfsmenn (Security staff): Starfsmenn sem starfa við hvers konar flugverndareftirlit.

Flugvistir, birgðir og aðföng (Air carrier catering, stores and supplies): Neysluvörur eða vörur sem eru til sölu um borð í loftfari.

Fyrirtækispóstur (Company-Mail (Co-mail)): Fyrirtækispóstur flugrekanda sem er fluttur á milli stöðva hans.

Haftasvæði flugverndar (Security Restricted Area): Flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningsflugi. Þessi svæði ná að jafnaði m.a. yfir öll brottfararsvæði farþega á mili skimunarstaða og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæða farangurs, farangursskála, póststöðva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvistir.

Hraðpóstur (Express mail): Póstur sem fluttur er með forgangshraða.

Hraðsending (Express parcel): Farmur sem fluttur er með forgangshraða í flugi.

Hugsanlegur ólátafarþegi (Potentially disruptive passengers): Farþegi sem hugsanlega getur sýnt af sér óæskilega hegðun, t. a. m. einstaklingur sem vísað er úr landi, einstaklingur sem ekki er heimil landganga, einstaklingur sem er í lögreglufylgd eða sætir lögregluaðgerðum.

Landgangur (Finger): Yfirbyggður gangur sem liggur út úr flugstöðvarbyggingu til að veita aðgang að flugvélastæðum.

Landgöngubrú (Jetway): Yfirbyggð, færanleg brú sem tengir flugstöðvarbyggingu eða landgang við dyr flugvélar þannig að innangengt er á milli.

Lest (Hold): Sá hluti loftfars sem notaður er undir farm þess, venjulega undir farþegarýminu.

Lestarfarangur (Hold Baggage): Farangur sem er ætlaður til flutnings í lest loftfars.

Póstrekandi: Aðili sem veitir hvers kyns póstþjónustu.

Póstur: Sendingar bréfa og annarra hluta, með eða án áritunar á umbúðir, sem eru afhentar og ætlaðar til afhendingar til póstrekanda. Auk bréfa teljast til póstsendinga bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og bögglar sem innihalda varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki.

Rekstrarvörur (Company Material (Co-mat)): Rekstrarvörur flugrekanda sem eru fluttar um stöðvanet hans.

Samþykki vegna flugverndar (Security Approval): Sérstakt samþykki útgefið af Flugmálastjórn Íslands vegna flugverndar, þar sem staðfest er að fullnægjandi flugverndaraðgerðum sé lýst í viðeigandi flugverndaráætlun.

Skimun (Screening): Beiting tæknilegra aðferða eða annarra aðferða til að bera kennsl á og/eða finna bannaða hluti.

Stöðugar úrtakskannanir (Continuous Random Checks): Kannanir sem eru gerðar af handahófi allan starfstímann.

Viðkvæmasti hluti haftasvæðis flugverndar á flugvelli (Critical part of security restricted areas of airport): Skilgreint og afmarkað svæði innan haftasvæðis flugverndar á flugvelli, t.d. landgangur, landgöngubrú, hreint svæði innan flugstöðvar o.s.frv.

Viðurkenndur umboðsaðili (Regulated Agent): Umboðsmaður, farmmiðlun eða annar aðili sem á viðskipti við farmflytjanda og hefur með höndum flugverndareftirlit sem Flugmálastjórn Íslands viðurkennir eða krefst þegar um er að ræða farm, boðsendingar og hraðsendingar eða póst.

Þekktur sendandi (Known Consignor):

(a) farms; sendandi farms til flutnings með flugi fyrir eigin reikning sem hefur gert viðskiptasamning við viðurkenndan umboðsaðila eða flugrekanda á grundvelli viðmiðana sem eru nánar tilgreindar í þessari reglugerð

(b) pósts; sendandi pósts til flutnings með flugi fyrir eigin reikning sem hefur gert viðskiptasamning við viðurkenndan póstrekanda.

4. gr.

Innlend flugverndaráætlun í almenningsflugi.

Flugmálastjórn Íslands skal sjá um gerð og viðhalda Flugverndaráætlun Íslands til að tryggja framfylgni við ákvæði reglugerðar þessarar. Stofnunin ber ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd Flugverndaráætlunarinnar. Jafnframt skal stofnunin sjá um gerð og framkvæmd áætlunar um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi. Flugmálastjórn Íslands skal sjá til þess að millilandaflugvellir, flugumferðarþjónusta og flugrekendur sem fljúga til og frá Íslandi geri flugverndaráætlanir fyrir sína starfsemi sem uppfylla kröfur Flugverndaráætlunar Íslands. Þessar áætlanir skulu samþykktar af Flugmálastjórn Íslands og sæta eftirliti stofnunarinnar.

Þá skal stofnunin sjá um að gerð sé innlend þjálfunaráætlun um flugvernd í almenningsflugi. Stofnuninni er heimilt að setja frekari fyrirmæli um verklag einstakra þátta í Flugverndaráætlun í almenningsflugi sem aðeins verður birt viðeigandi aðilum.

5. gr.

Gæðaeftirlit.

Flugmálastjórn Íslands skal innleiða og annast gæðaeftirlit með flugvernd og gera viðeigandi úttektir með aðferðum gæðastjórnunar og samkvæmt bestu starfsvenjum.

Í hverri flugverndaráætlun flugvallar skal kveðið á um að allir millilandaflugvellir sem jafnframt eru landamærastöðvar, skuli teknir út reglulega. Við slíka úttekt skal beita sameiginlegri aðferðafræði og skulu úttektarmenn sem eru hæfir til þess, annast hana og fara eftir sameiginlegum viðurkenndum viðmiðunum.

II. KAFLI
Flugvernd á flugvöllum.

6. gr.

Aðgreind flugverndarsvæði.

Aðgreind flugverndarsvæði skulu tilgreind í flugverndaráætlun flugvallar.

Hvert flug sem hefst frá aðgreindu flugverndarsvæði skal senda upplýsingar þar að lútandi til ákvörðunarstaðar (komuflugvallar) fyrir lendingu.

7. gr.

Viðkvæmasti hluti haftasvæðis flugverndar

Á flugvöllum þar sem fleiri en 40 starfsmenn hafa útgefnar aðgangsheimildir að haftasvæði flugverndar, skal viðkvæmasti hluti haftasvæðisins meðal annars vera:

a. þau svæði flugvallar sem brottfararfarþegar ásamt handfarangri hafa aðgang að, eftir skimun,
b. þau svæði flugvallar við brottför sem lestarfarangur farþega getur farið um eða kann að vera geymdur á, eftir skimun, hafi ekki verið tryggilega frá honum gengið.

Eftirtalin svæði flugvallar skulu talin viðkvæmasti hluti haftasvæðis, í skilningi 1. mgr., ef:

a. brottfararfarþegar ásamt handfarangri, eftir skimun, eru staddir á því svæði,
b. lestarfarangur til brottfarar, eftir skimun, er að fara um svæðið eða er geymdur á svæðinu, hafi ekki verið tryggilega frá honum gengið.

Í skilningi 1. og 2. mgr. skal loftfar, hópferðabifreið, farangurskerra eða annað samgöngutæki eða göngubrú/gangvegur eða landgöngubrú talið hluti flugvallar.

Tryggilega frágenginn farangur samkvæmt þessari grein merkir farangur við brottför sem skimaður hefur verið og er gætt, til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu settir í hann.

Á flugvöllum þar sem færri en 40 starfsmenn hafa útgefnar aðgangsheimildir að haftasvæði flugverndar er heimilt að skilgreina viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar sem þau svæði flugstöðvar sem brottfararfarþegar ásamt handfarangri hafa aðgang að, eftir skimun.

8. gr.

Aðgangur í heimildarleysi.

Ef talið er að aðili hafi í heimildarleysi farið inn á viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar eða haftasvæði flugverndar skal framkvæma nákvæma skoðun á svæðunum.

9. gr.

Skimun á starfsfólki og öðru á viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar.

Allt starfsfólk, þ. á m. áhafnir loftfara, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skal skimað áður en aðgangur er veittur að viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, innan flugstöðvar, þar sem innritaðir farþegar og handfarangur þeirra hafa aðgang.

Allt starfsfólk, þ. á m. áhafnir loftfara, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skal skimað áður en aðgangur er veittur að viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, innan flugvallar, þar sem innritaðir farþegar og handfarangur þeirra hafa aðgang.

Allt starfsfólk, þ. á m. áhafnir loftfara, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skal skimað áður en aðgangur er veittur að viðkvæmasta hluta haftasvæðis flugverndar, innan flugvallar, þar sem innritaður farangur og lestarfarmur er fluttur um.

III. KAFLI
Samþykki vegna flugverndarráðstafana.

10. gr.

Samþykki vegna flugverndar.

Rekstraraðilar flugvalla með útgefin starfsleyfi af Flugmálastjórn Íslands og flugrekendur með útgefin flugrekendaskírteini af Flugmálastjórn Íslands skulu hafa samþykki vegna flugverndar frá stofnuninni.

11. gr.

Samþykki flugverndaráætlunar rekstraraðila flugumferðarþjónustu.

Rekstraraðilar flugumferðarþjónustu skulu leggja fram flugverndaráætlun sína til samþykktar til Flugmálastjórnar Íslands.

Rekstraraðilar flugumferðarþjónustu skulu undanþegnir skilyrði 1. mgr. ef fyrir hendi er samþykkt flugverndaráætlun rekstraraðila flugvallar með útgefið starfsleyfi af Flugmálastjórn Íslands sem einnig greinir flugverndaráætlun vegna aðflugsstjórnarþjónustu og flugturnsþjónustu.

12. gr.

Samþykki flugverndaráætlunar erlendra flugrekenda.

Flugrekendur með útgefið flugrekendaskírteini frá erlendum ríkjum sem fljúga áætlunarflug milli Íslands og erlendra ríkja skulu leggja fram flugverndaráætlun sína til samþykktar til Flugmálastjórnar Íslands með hæfilegum fyrirfara, áður en flug er hafið.

Flugrekendur með útgefið flugrekendaskírteini frá erlendum ríkjum sem fljúga óreglu-

bundið flug milli Íslands og erlendra ríkja, fleiri en 4 flug yfir tveggja mánaða skeið, skulu einnig leggja fram flugverndaráætlun sína til samþykktar með hæfilegum fyrirvara, fyrir áætlað flug.

13. gr.

Heimildir til að sækja um samþykki.

Eftirtaldir aðilar skulu hafa heimild til að sækja um samþykki vegna flugverndar:

a. umboðsmaður, farmmiðlun eða annar aðili sem á viðskipti við farmflytjanda og öðlast vill stöðu sem „viðurkenndur umboðsaðili“,
b. aðilar sem sjá flugrekendum fyrir flugvistum, birgðum og aðföngum (Catering companies),
c. aðilar sem sjá flugrekendum fyrir flugafgreiðslu á jörðu niðri (Ground handling agents),
d. aðilar sem sjá flugrekendum fyrir ræstingarþjónustu um borð í loftförum og sjá flugvöllum fyrir ræstingarþjónustu innan haftasvæðis flugverndar,
e. póstrekendur og fyrirtæki sem annast hraðsendingar og/eða boðsendingar.

Flugrekandi sem hefur samþykki Flugmálastjórnar Íslands vegna flugverndar telst hafa stöðu sem viðurkenndur umboðsaðili.

14. gr.

Umsókn um samþykki.

Umsókn um samþykki skal senda viðkomandi flugmálayfirvaldi með eftirfarandi upplýsingum:

1. opinberu nafni, firmanafni, heimilisfangi og póstfangi umsækjanda, auk símanúmera og tölvupóstfanga,
2. lýsing á rekstri aðila eða viðeigandi deildar eða einingar sem sækir um samþykki,
3. nafni og samskiptaupplýsingum um þann aðila sem tilnefndur er sem flugverndarfulltrúi.

15. gr.

Flugverndar- og þjálfunaráætlun.

Aðilar sem sækja um samþykki vegna flugverndar skulu leggja fram flugverndaráætlun með þjálfunaráætlun sem greinir hvernig viðkomandi aðili uppfyllir ákvæði reglugerðar þessarar. Samþykki vegna flugverndar skv. 12. og 13. gr. tekur einnig til samþykkis flugverndaráætlunar.

16. gr.

Skilyrði samþykkis.

Heimilt er að veita samþykki vegna flugverndar þegar:

a. tilnefndur flugverndarfulltrúi hefur hlotið viðurkennda þjálfun vegna flugverndar,
b. flugverndar- og þjálfunaráætlun aðila hefur verið samþykkt af viðkomandi flugmálayfirvaldi,
c. aðili hefur staðfest skriflega að hann muni framfylgja flugverndar- og þjálfunaráætlun sinni sem hlotið hefur samþykki flugmálayfirvalda, ákvæðum þessarar reglugerðar og öðrum ákvörðunum og fyrirmælum á þessu sviði,
d. engin frávik eða áhættur hafa verið greindar út frá flugverndarlegum sjónarmiðum er snerta starfsemi aðila, hvorki í úttektum né að öðru leyti.

Heimilt er að veita samþykki vegna flugverndar til allt að 5 ára í senn. Um umsóknir um endurnýjun samþykkis fer samkvæmt ákvæði 14. gr. og skulu þær berast eigi síðar en 30 dögum áður en gildandi samþykki fellur niður.

17. gr.

Svipting samþykkis.

Heimilt er að svipta handhafa samþykkis samkvæmt kafla þessum, samþykki vegna flugverndar ef handhafi verður uppvís að brotum gegn ákvæðum laga og reglna og talið er, með hliðsjón af eðli brotsins og atvikum öllum, eða annars framferðis aðila eða starfsmanna hans, varhugavert að samþykkis vegna flugverndar sé neytt. Heimilt skal að svipta handhafa samþykki tímabundið eða að fullu og öllu leyti við ítrekuð brot.

Ákvörðun um sviptingu skal rökstudd og handhafa samþykkis gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga. Heimilt skal að svipta samþykki vegna flugverndar tímabundið á meðan meðferð máls stendur.

18. gr.

Flugverndarfulltrúi.

Aðili með samþykki vegna flugverndarráðstafana skal tilnefna flugverndarfulltrúa sem ábyrgur er fyrir að innleiða og framfylgja flugverndaráætlun. Flugverndarfulltrúi skal vera sérstakur trúnaðarmaður flugmálayfirvalda, hvað varðar flugverndarmál.

Tilkynna skal með minnst 10 daga fyrirvara sé ætlunin að skipta um tilnefndan flugverndarfulltrúa og allar breytingar á upplýsingum og samskiptaupplýsingum um hann.

Flugverndarfulltrúi skal hafa undirgengist bakgrunnsathugun samkvæmt reglugerð þessari fyrir tilnefningu.

IV. KAFLI
Aðgangsheimildir.

19. gr.

Almennt um aðgangsheimildir.

Einstaklingum, ökutækjum og vinnuvélum skal einungis heimil ferð um og inn á flugsvæði flugvallar, þ.m.t. haftasvæði, að undanskildum sérstökum starfssvæðum séu slík svæði skilgreind innan flugsvæðis, hafi þeir gildar aðgangsheimildir útgefnar af viðeigandi flugvallaryfirvöldum.

Slíkar heimildir eru:

a. auðkennisspjöld fyrir einstaklinga,
b. leyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar.

Undanþegnir skilyrði 1. mgr. eru:

a. flugfarþegar og áhafnir loftfara í flutningaflugi á eðlilegri leið til og frá loftfari enda beri þeir á sér gildar ferðaheimildir sem umráðandi loftfars eða umboðsmaður hans gefur út,
b. gestir á ábyrgð og í umsjá aðila með gilda aðgangsheimild,
c. aðilar sem fljúga til og frá flugvelli í fylgd með eða í umsjón flugafgreiðsluaðila með samþykki vegna flugverndar og/eða rekstraraðila flugvallar.

Undanþágan tekur til komu og brottfarar á flugvellinum og eðlilegra hreyfinga loftfara innan flugsvæðis svo sem við akstur á stæði, í flugskýli eða til verkstæðis.

Heimilt er viðeigandi flugvallaryfirvaldi að kveða á um að áhafnir loftfara í flutningaflugi skuli hafa útgefnar aðgangsheimildir að flugvelli og setja skilyrði um útgáfu og meðferð aðgangsheimilda þar að lútandi.

Aðgangsheimildir skulu gefnar út með tiltekinn gildistíma, að hámarki 5 ár. Takmarka má heimild við tiltekna vikudaga og tilgreindan hluta sólarhrings. Almennt skal heimildin bundin ákveðnu starfi eða starfsemi og er handhafa þá einungis heimilt að nýta heimildina í þeim tilgangi. Láti handhafi af því starfi eða leggi niður þá starfsemi, fellur heimildin úr gildi.

Aðgangsheimild skal skilað þegar gildistími er útrunninn, heimild hefur verið afturkölluð eða handhafi lætur af störfum eða lögð hefur verið niður sú starfsemi sem var tilefni heimildar. Notkun útrunninna heimilda er bönnuð.

20. gr.

Auðkennisspjöld.

Á auðkennisspjaldi skal vera ljósmynd af handhafa, nafn hans, nafn starfsaðila/fyrirtækis, gildistími og áritun um hvaða svæði handhafi hafi aðgang að. Gildistími skal ritaður með áberandi hætti á auðkennisspjaldið.

Umsókn um auðkennisspjald skal vera á þar til gerðu eyðublaði sem liggja skal frammi á skrifstofu viðeigandi flugvallaryfirvalda. Í umsókn skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar samkvæmt 23. gr., til að staðfesta megi bakgrunn viðkomandi. Vinnuveitendur skulu sækja um auðkennisspjöld fyrir starfsmenn sína.

Handhafi auðkennisspjalds skal jafnan bera það þannig að það sé vel sýnilegt við störf.

21. gr.

Þjálfun handhafa aðgangsheimilda.

Handhafar aðgangsheimilda skulu hafa lokið viðeigandi námskeiði/þjálfun í umgengni um flugsvæði. Þeir skulu hafa kynnt sér reglur sem gilda um aðgang að flugvelli áður en aðgangsheimild er gefin út. Þeir skulu undirrita yfirlýsingu þar að lútandi og skuldbinda sig til að hlíta þeim reglum.

22. gr.

Leyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar.

Leyfisbréf ökutækja og vinnuvéla skulu gefin út fyrir tiltekið ökutæki eða vinnuvél af viðeigandi flugvallaryfirvaldi. Í leyfisbréfi skal tilgreint skráningarnúmer, nafn eiganda og/eða umráðanda (starfsaðila/fyrirtækis), gildistíma heimildar, áritun um hvaða svæði er heimill aðgangur að og undirritun/stimpill viðeigandi yfirvalds. Gildistími leyfisbréfs skal ritaður með áberandi hætti.

Vinnuveitendur skulu sækja um leyfisbréf fyrir ökutæki og vinnuvélar. Aðilar sem hafa heimild til aksturs innan flugsvæðis (umferðarsvæðis loftfara) skulu hafa lokið viðeigandi námskeiði/þjálfun í akstri um svæðið og í samskiptum við flugturn.

Ökutæki sem þarf að nota á flugsvæði, skal hafa innan flugsvæðis eftir því sem við verður komið.

Ökutæki sem þarf að færa á milli almenningssvæðis og flugsvæðis skulu hafa sérstök leyfisbréf sem festa skal á ökutækið á vel sýnilegum stað. Önnur ökutæki sem þurfa að fá aðgang að flugsvæði skulu áður skoðuð og fá útgefið leyfisbréf til bráðabirgða.

Undanþegin 4. mgr. eru ökutæki og vinnuvélar sem eru í erindum vegna neyðartilvika.

23. gr.

Bakgrunnsathugun.

Athuga skal a.m.k. 5 ár aftur í tímann, frá dagsetningu umsóknar, bakgrunn alls starfsfólks sem þarf að hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar til að unnt sé að leggja mat á hvort heimila eigi aðgang án fylgdar. Athugunin skal m.a. felast í skoðun á viðkomandi í

skrám lögreglu og öflun upplýsinga um sakaferil. Endurtaka skal athugunina með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Að auki skal viðeigandi flugvallaryfirvald gera úrtaksathugun á þeim aðilum sem staðist hafa bakgrunnsathugun.

Með bakgrunnsathugun skal kanna og staðfesta:

a) deili á viðkomandi,
b) heimili eða dvalarstað sl. 5 ár,
c) feril viðkomandi undanfarin 5 ár,
d) þá hættu sem kann að stafa af viðkomandi innan haftasvæðis flugverndar, sbr. 24. og 25. gr.

Með umsókn um aðgang að haftasvæði flugverndar skal leggja fram nauðsynleg gögn og upplýsingar skv. 3. mgr. og skriflega heimild viðkomandi fyrir öflun þeirra svo sem frá lögreglu. Heimilt er að óska frekari upplýsinga ef nauðsynlegt þykir.

Hafi viðkomandi verið búsettur erlendis á síðastliðnum 5 árum skal hann leggja fram þau gögn sem óskað er til þess að unnt sé að leggja mat á umsókn vegna hans svo sem sakavottorð eða sambærileg vottorð frá erlendum stjórnvöldum þar sem hann hefur verið búsettur eða dvalið. Nú eru ekki lögð fram gögn sem nægileg teljast til að hægt sé að meta viðkomandi og skal þá hafna umsókn.

24. gr.

Mat á afbrotaferli.

Við ákvörðun um hvort veita beri aðgangsheimild að haftasvæði flugvallar skal sérstaklega athuga brotaferil einstaklings sem sótt er um heimild fyrir. Leggja skal til grundvallar upplýsingar úr sakaskrá og eftir atvikum öðrum skrám lögreglu um viðkomandi.

Hafi einstaklingur verið dæmdur til refsingar skal synja um aðgang að haftasvæði flugverndar, sbr. þó ákvæði 25. gr., enda séu brotin stórfelld og/eða gefa vísbendingar um að öryggi ríkisins, flugstarfsemi og almannahagsmunum kunni að stafa hætta af.

Við mat á brotaferli umsækjanda skal leggja til grundvallar hvort öryggi flugsamgangna stafi hætta af einstaklingi. Sérstaklega skal meta hugsanlega hættu sem af viðkomandi kann að stafa gagnvart íslenska ríkinu og erlendum ríkjum, öryggi þeirra, flugstarfsemi og öðrum almannahagsmunum.

Ennfremur skal heimilt að taka tillit til eftirfarandi atvika:

a) ef komin er fram kæra á hendur einstaklingi fyrir refsivert brot sem ætla má að varði fangelsisrefsingu,
b) ef einstaklingur er eftirlýstur af lögreglu, gefin hefur verið út handtökuskipun á hendur honum eða lagt á hann farbann samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála.

25. gr.

Tímafrestir.

Nú hefur einstaklingur lokið afplánun og/eða innt sektargreiðslur af hendi vegna brota samkvæmt 2. mgr. 24. gr. og skal þá heimilt að taka tillit til þess í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar 5 ár eru liðin frá lokum afplánunar eða lokum óskilorðsbundinnar fangelsisvistar eða lokum reynslulausnar
b) þegar 3 ár eru liðin frá greiðslu sektar eða lokum óskilorðsbundinnar fangelsisvistar, enda þyki sýnt að af viðkomandi stafi ekki lengur hætta fyrir íslenska ríkið eða erlend ríki, öryggi þeirra, flugstarfsemi eða almannahagsmuni.

26. gr.

Kæruheimild vegna synjunar umsóknar um aðgang.

Nú er umsókn um aðgang að haftasvæði flugverndar synjað á grundvelli bakgrunnsathugunar vegna flugverndar og má kæra þá ákvörðun í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

27. gr.

Svipting aðgangsheimilda.

Heimilt er viðeigandi flugvallaryfirvaldi að svipta einstakling aðgangsheimild að flugsvæði, tímabundið eða að fullu, vegna brota gegn lögum og reglum ef telja verður með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans, varhugavert að hann neyti heimildarinnar. Ákvörðun um sviptingu skal rökstudd og starfsmanni gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin, í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga.

V. KAFLI
Farþegar og handfarangur.

28. gr.

Skimun farþega.

Að frátöldum þeim sem eru tilgreindir í 3. mgr. hér á eftir skulu allir brottfararfarþegar skimaðir (þ.e. farþegar sem hefja ferð og flugskiptafarþegar nema þeir sem hafa áður verið skimaðir samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessari reglugerð), til að hindra að bannaðir hlutir séu fluttir inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftför. Farþegar skulu skimaðir með eftirfarandi aðferðum:

a) handleit eða
b) skimun í málmleitarhliði. Þegar málmleitarhlið er notað skal einnig samhliða leitað með handleit á slembiúrtaki þeirra farþega sem eru skimaðir. Handleit skal ná til allra farþega sem framkalla viðvörun frá tækinu og einnig skal samhliða leitað á slembiúrtaki þeirra farþega sem framkalla ekki viðvörun frá tækinu og ef:
   i) viðvörun fer í gang skal einstaklingurinn skimaður aftur í málmleitarhliðinu eða
   ii) handleitað þar sem nota má handvirkt málmleitartæki.

Þegar málmleitarhlið er notað skal það stillt þannig að öruggt sé að smærri málmhlutir finnist.

Flugmálastjórn Íslands getur skipt einstaklingum í flokka þannig að þeir skuli sæta sérstakri skimunarmeðferð eða vera undanþegnir henni. Flugmálastjórn Íslands skal setja sérstök fyrirmæli vegna hugsanlegra ólátafarþega, svo sem einstaklinga sem vísað er úr landi, einstaklinga sem ekki er heimil landganga og einstaklinga sem eru í lögreglufylgd.

29. gr.

Líkamsleit og sérstök meðhöndlun við leit.

Leit skal framkvæmd með svo mikilli tillitssemi sem unnt er og má hún aldrei vera víðtækari en nauðsynlegt er. Sá sem sætir leit getur krafist þess að vitni sé tilkvatt. Líkamsleit skal ætíð framkvæmd af einstaklingi af sama kyni.

Leit á farþegum sem krefjast sérstakrar meðhöndlunar t.d. farþegum með mikil verðmæti, farþegum með gangráð, hreyfihömluðum eða fötluðum farþegum, skal fara fram á svæði sem er úr augsýn annarra farþega. Í slíkum tilvikum skal farþeginn og handfarangur hans skoðaður:

a) með handleit eða gegnumlýsingu á öllum handfarangri,

b) með því að nota handmálmleitartæki eða ef um farþega með gangráð eða fatlaðan farþega er að ræða sem ekki geta sætt venjulegri málmleit skal gerð handleit og
c) af fólki sem hefur hlotið sérstaka þjálfun til slíks.

Strax að lokinni skoðun skal farþeganum fylgt á öruggt áningarsvæði.

30. gr.
Leit hafnað.

Sérhverjum aðila sem neitar að undirgangast leit í samræmi við þessar reglur eða neitar að láta leita í eða skoða handfarangur sinn skal synjað um brottför með loftfari.

31. gr.
Vernd farangurs.

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að unnt sé að eiga við skimaðan farangur sem meðhöndlaður er af starfsfólki sem ekki hefur verið skimað samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, áður en farangurinn er settur um borð í loftfar. Frestur til að hefja ráðstafanir eftir grein þessari eru samkvæmt bráðabirgðaákvæði I.

32. gr.
Meðferð bannaðra hluta.

Nú hefur fundist bannaður hlutur eða hlutir í fórum farþega í handfarangri eða á farþega sem ekki eru ólögmætir og skal þá farþega gefinn kostur á að:
a) innrita bannaða hluti sem lestarfarangur, enda sé bannaður hlutur eða hlutir heimilaðir til flutnings sem lestarfarangur,
b) geyma í viðeigandi aðstöðu fyrir bannaða hluti til endurkomu farþega eða
c) heimsenda bannaða hluti í pósti.

Framangreindar ráðstafanir skulu gerðar á kostnað farþega.

Um meðferð bannaðra hluta sem lagt er hald á og ekki er ráðstafað í samræmi við 1. mgr. skal farið með sem óskilamuni.

VI. KAFLI
Ræstingarvörur flugrekanda.

33. gr.
Framkvæmd og markmið.

Flugrekandi og ræstingafyrirtæki skulu gera ráðstafanir til að tryggja að engir bannaðir hlutir, sem gætu teflt öryggi loftfarsins í tvísýnu, séu í ræstingavörum sem farið er með um borð.

34. gr.
Flugverndareftirlit með ræstingarvörum flugrekanda.

Fyrirtæki sem sjá flugrekanda fyrir ræstingarþjónustu skulu gera nauðsynlegar flugverndarráðstafanir til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir komist í ræstingavörur sem flytja á um borð.

Gera skal eftirfarandi verndarráðstafanir:
a) tilnefna skal flugverndarfulltrúa sem ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti flugverndar í fyrirtækinu,
b) kanna skal áreiðanleika fólks sem ráðið er til starfa,

c) allir starfsmenn, sem hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skulu standast bakgrunnsathugun samkvæmt reglugerð þessari og skulu fara að fyrirmælum um flugvernd settum af viðeigandi yfirvöldum,
d) fyrirtækið skal koma í veg fyrir óheimilan aðgang að stöðvum sínum,
e) ef fyrirtækið er staðsett utan flugvallar skulu ræstingavörur fluttar að loftfarinu í læstum eða innsigluðum ökutækjum,
f) meðferð og meðhöndlun ræstingavara skal vera á hendi starfsfólks sem er ráðið og þjálfað til starfa á réttan hátt og
g) ræstingavörur skulu skimaðar áður en þær eru sendar með fyrirtækispósti til annarra ákvörðunarstaða.

Eftir afhendingu skulu ræstingavörur skimaðar af handahófi.
Vörur frá fyrirtæki, sem gerir ekki verndarráðstafanirnar sem er lýst í 1. mgr., skulu ekki teknar um borð í loftfar.

VII. KAFLI
Ræsting innan haftasvæðis flugverndar.

35. gr.
Framkvæmd og markmið.

Rekstraraðili flugvallar og eða flugstöðvar og ræstingafyrirtæki skulu í samráði við viðkomandi flugvallaryfirvald gera ráðstafanir til að tryggja að engir bannaðir hlutir, sem teflt gætu öryggi flugsamgangna í tvísýnu, séu í ræstingavörum og tækjum sem farið er með um haftasvæði flugverndar innan flugstöðvar og flugvallar.

36. gr.
Flugverndareftirlit með ræstingafyrirtækjum innan flugvallar og flugstöðva.

Fyrirtæki sem sjá flugvelli og flugstöð fyrir ræstingaþjónustu innan haftasvæðis flugverndar skulu gera nauðsynlegar flugverndarráðstafanir til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir komist í ræstingavörur eða tæki sem flytja á um haftasvæði flugverndar innan flugstöðvar og flugvallar.
Gera skal eftirfarandi verndarráðstafanir:
a) tilnefna skal flugverndarfulltrúa sem ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti flugverndar í fyrirtækinu,
b) kanna skal áreiðanleika fólks sem ráðið er til starfa,
c) allir starfsmenn, sem hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skulu standast bakgrunnsathugun samkvæmt reglugerð þessari og skulu fara að fyrirmælum um flugvernd settum af viðeigandi yfirvöldum,
d) fyrirtækið skal koma í veg fyrir óheimilan aðgang að stöðvum sínum,
e) ef fyrirtækið er staðsett utan flugvallar skulu ræstingavörur fluttar að flugvelli og flugstöð í læstum eða innsigluðum ökutækjum og
f) meðferð og meðhöndlun ræstingavara skal vera á hendi starfsfólks sem er ráðið og þjálfað til starfa á réttan hátt.

Eftir komu inn á haftasvæði flugverndar skulu ræstingavörur skimaðar af handahófi,
Fyrirtæki sem starfrækir ræstingaþjónustu innan haftasvæðis flugverndar sem ekki gerir verndarráðstafanirnar sem er lýst í 1. mgr., skal óheimilt að starfrækja ræstingaþjónustu innan haftasvæðis flugverndar innan flugvallarsvæðis og flugstöðvar.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. gr.
Skrá yfir samþykkta eða viðurkennda aðila vegna flugverndar.

Flugmálastjórn Íslands skal birta á heimasíðu sinni skrá yfir þá aðila sem hlotið hafa samþykki eða viðurkenningu vegna flugverndar.

38. gr.
Frekari kröfur.

Flugmálastjórn Íslands er heimilt að setja frekari fyrirmæli og verklagsreglur varðandi flugverndarráðstafanir. Stofnuninni er heimilt að ákveða að þau fyrirmæli og verklagsreglur skuli einungis birtar viðeigandi aðilum.

39. gr.
Keflavíkurflugvöllur.

Með vísan til laga nr. 106/1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o.fl. og samkvæmt 10. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 3 frá 1. febrúar 2004, um Stjórnarráð Íslands, framkvæmir Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli eða sýslumannsembættið á Keflavíkurflugvelli eftir atvikum, verkefni og fer með vald er varðar Keflavíkurflugvöll, sem viðkomandi flugmála-, eða flugvallaryfirvöldum eru falin samkvæmt reglugerð þessari.

Þegar stjórnvaldshafar fara með vald eða framkvæma verkefni á Keflavíkurflugvelli er það í umboði og eftir ákvörðun utanríkisráðherra.

40. gr.
Refsingar.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 141. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum.

41. gr.
Gildistaka og innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirtaldar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1. um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi, merkt fylgiskjal II, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004, sem er meðfylgjandi merkt fylgiskjal I.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd í almenningsflugi, merkt fylgiskjal IV, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 62/2004 frá 26. apríl 2004, sem er meðfylgjandi merkt fylgiskjal III.
3. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 68/2004 frá 15. janúar 2004 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 622/2003 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi, merkt fylgiskjal VI, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 109/2004 frá 9. júlí 2004, sem er meðfylgjandi merkt fylgiskjal V.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 849/2004 frá 15. janúar 2004 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2320/2002 um sameiginlegar reglur um flug-

vernd í almenningsflugi, merkt fylgiskjal VIII, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 155/2004 frá 29. október 2004, sem er meðfylgjandi merkt fylgiskjal VII.

Reglugerðirnar eru birtar sem fylgiskjöl með reglugerð þessari.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 70. gr., 2. mgr. 78. gr. sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skimun starfsfólks og hluta skv. 2. mgr. 9. gr. skal hefjast eigi síðar en 1. janúar 2006 en skv. 3. mgr. 9. gr. eigi síðar en 1. janúar 2009.

Vernd farangurs skv. 31. gr. skal hefjast eigi síðar en 1. júlí 2009.

Samgönguráðuneytinu, 10. mars 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

VIÐAUKI
við reglugerð um flugvernd.

Til skýringar.

Upptalning hér á eftir yfir bannaða hluti er ekki tæmandi. Um er að ræða viðmið varðandi mögulega lögun vopna og hluta sem eru bannaðir eða háðir takmörkunum en leggja ber mat á það hverju sinni hvort unnt er að nota hlut sem vopn.

1. gr.
Almennt.

Bannaðir hlutir sem vísað er til í 2. gr. mega aðeins vera fluttir á haftasvæði flugverndar eða um borð í loftfar af starfsfólki, þar með töldum áhöfnum loftfara, ef það hefur tilskilið leyfi frá þar til bærum yfirvöldum, þar sem slíkir munir teljast nauðsynlegir fyrir starfrækslu flugvallarins eða loftfara eða skyldustarfa um borð.

Bannaða hluti sem vísað er til í viðbætinum má skilja eftir á haftasvæðum flugverndar eða um borð í loftfari ef þeir eru geymdir í öruggu ástandi.

Flugverndarstarfsmönnum er heimilt að synja hvaða starfsmanni sem er aðgang að haftasvæði flugverndar sem hefur undir höndum bannaðan hlut sem veldur þeim áhyggjum.

2. gr.
Bannaðir hlutir.

Farþegar mega ekki flytja með sér eftirtalda hluti inn á haftasvæði flugverndar og í farþegaklefa loftfars en ekki er um tæmandi talningu að ræða:

a) Byssur, skotvopn og vopn.

Sérhver hlutur sem skot getur eða virðist geta hlaupið úr eða sem getur eða virðist geta valdið skaða, þ.m.t.:

öll skotvopn (skammbyssur, rifflar, haglabyssur o.s.frv.),
eftirlíkingar eða stælingar skotvopna,
íhlutir skotvopna (undanskilin eru sjónaukamið og önnur mið),
loftbyssur, -rifflar og -haglabyssur,
merkibyssur,
rásbyssur,
leikjabyssur af öllum gerðum,
kúlubyssur (ball bearing guns),
bolta- og naglabyssur til nota í iðnaði,
krossbogar,
teygjubyssur og slöngvur,
skutul- eða spjótbyssur,
tæki til að aflífa dýr/pinnabyssur,
rafmagnsvopn af öllum gerðum, einnig í byssulíki (taser),
kveikjarar í byssulíki.

b) Oddhvöss eða beitt vopn og hlutir.

Oddhvassir eða beittir hlutir sem geta valdið skaða, þ.m.t.:

axir,
krókar, mannbroddar,
örvar og kastpílur,
skutlar og spjót,
ísaxir og stingar,
skautar,
láshnífar eða fjaðurhnífar, óháð lengd blaðs,
hnífar (úr málmi eða öðru efni sem er nógu stíft til að hægt sé að nota það sem hugsanlegt vopn, einnig hnífar sem eru notaðir við siða- og trúarathafnir), (íslensk yfirvöld leyfa ekki neina oddhvassa eða beitta hnífa, aðeins rúnnaða, bitlausa smjörhnífa)
kjötaxir,
sveðjur,
rakhnífar og rakblöð (undanskilin eru rakblöð í skiptihylkjum),
höggsverð, sverð og korðar,
skurðhnífar,
skæri, með lengra en 6 cm blað,
(íslensk yfirvöld leyfa ekki nein oddhvöss, beitt skæri),
skíða- og göngustafir,
kaststjörnur,
verkfæri iðnaðarmanna sem hugsanlega má nota sem oddhvasst eða beitt vopn, t.d. borvélar, lausir borar, pappahnífar, hnífar til atvinnu, allar sagir, skrúfjárn, kúbein, hamrar, tangir, skiptilyklar/skrúflyklar, blússlampar.

c) Bitlaus áhöld og tól.

Bitlaus áhöld sem geta valdið skaða, þ.m.t.:

hafnaboltakylfur,
kylfur og stafir af öllum gerðum, stífir eða sveigjanlegir,
krikketkylfur,

golfkylfur,
ísknattleikskylfur,
baglar („Lacrosse“-kylfur),
kajak- og kanóárar,
hjólabretti,
kjuðar fyrir ballskák,veiðistangir,
búnaður fyrir sjálfsvarnaríþróttir, svo sem hnúajárn, rotkylfur og aðrar kylfur, þreskijárn o.s.frv.

d) Sprengiefni og eldfim efni.

Sérhver sprengiefni eða eldfim efni sem eru hættuleg heilsu farþega og áhafnar eða vernd/öryggi loftfars eða eigna, þ.m.t.:
skotfæri,
sprengihettur,
hvellhettur og sprengiþræðir,
sprengiefni og sprengibúnaður,
eftirlíkingar og stælingar sprengiefna og sprengibúnaðar,
jarðsprengjur og aðrar sprengifimar hernaðarbirgðir,
handsprengjur af öllum gerðum,
gas og gaskútar t.d. bútan, própan, kolvetnisgas (acetylene) og súrefni – í stórum umbúðum,
skoteldar, blys af öllum gerðum og annar skotelda- og hvellbúnaður, þ.m.t. samkvæmis- og leikjasprengjur,
eldspýtur, aðrar en venjulegar,
reykhylki og reykdósir,
fljótandi eldsneyti, t.d. bensín, díeselolía, kveikjaralögur, alkóhól og etanól
málning í úðabrúsum,
terpentína og þynnir
áfengir drykkir með meira en 70% vínanda miðað við rúmmál,

e) Íðefni og eiturefni.

Öll íðefni og eiturefni sem eru hættuleg heilsu farþega og áhafnar eða flugvernd/öryggi loftfars eða eigna, þ.m.t.:
sýrur og lútarefni, t.d. vökvafylltar rafhlöður,
tærandi og bleikiefni, t.d. kvikasilfur og klór,
lamandi úðaefni, t.d. úðavopn (Mace), piparúði og táragas,
geislavirk efni, þ.m.t. samsætur (ísótópar) til nota við lækningar og sem verslunarvara, eitur,
smitefni eða hættuleg lífefni, t.d. smitað blóð, bakteríur og veirur,
sjálfsíkveikjandi og eldfim efni,
slökkvitæki.

3. gr.

Heimilt er að undanþiggja farþega ákvæðum 2. gr. svo framarlega sem:
a) viðeigandi yfirvald hafi áður verið upplýst um það og veitt samþykki sitt fyrir því að farþeginn hafi hlutinn eða hlutina með sér, og
b) flugstjóra loftfarsins hafi verið skýrt frá farþeganum og þeim bannaða hlut eða hlutum sem hann hefur með sér.

Þar sem við á skal gengið tryggilega frá bannaða hlutnum.

4. gr.

Listi yfir bannaða hluti.

Skrá yfir hina bönnuðu hluti, sem um getur í 2. gr. og 7. gr. skal vera tiltæk almenningi hjá umboðsmönnum flugfélaga og við innritunarborð.

5. gr.

Aðrar ráðstafanir.

Viðeigandi yfirvaldi er heimilt að banna aðra hluti til viðbótar við þá sem um getur í 2. gr. og 7. gr.

Viðeigandi yfirvald skal gera viðhlítandi ráðstafanir til að upplýsa farþega um þessa hluti áður en þeir hafa lokið innritun lestarfarangurs.

6. gr.

Hluti, sem eru bannaðir skv. 2. gr. eða 5. gr. en ekki skv. 7. gr., má flytja í lestarfarangri svo framarlega sem farþegar hafi ekki aðgang að farangrinum án eftirlits frá því að hann er innritaður og þar til hann er endurheimtur við komu.

Flugverndarstarfsfólki er heimilt að synja farþega um aðgang að haftasvæðum flugverndar og farþegaklefa loftfars hafi hann undir höndum hlut sem ekki fellur undir 2. gr. og telji það hlutinn grunsamlegan.

Flugverndarstarfsfólki er heimilt að synja um flutning á lestarfarangri sem innheldur hlut sem ekki er getið um í 7. gr. en sem það telur grunsamlegan.

7. gr.

Hlutir sem eru bannaðir í lestarfarangri.

Eftirfarandi hluti skal *ekki* setja í lestarfarangur:

sprengiefni þ.m.t. hvellhettur, sprengiþráður, handsprengjur, jarðsprengjur og aðrar sprengjur,

gös, própan og bútan,

eldfimir vökvar, þ.m.t. bensín og tréspíritus (metanól),

eldfim, föst efni og hvarfgjörn efni, þ.m.t. magnesíum, kveikjarar, skoteldar og blys,

oxandi og lífræn peroxíð, þ.m.t. bleikiefni og efni til viðgerða á yfirbyggingum bifreiða,

eiturefni eða smitefni, þ.m.t. rottueitur og smitað blóð,

geislavirk efni, þ.m.t. samsætur til nota við lækningar og sem verslunarvara,

tærandi efni, þ.m.t. kvikasilfur og rafgeymar farartækja,

íhlutir eldneytiskerfa ökutækja sem hafa innhaldið eldsneyti.

8. gr.

Tilkynna skal þegar í stað til flugvallaryfirvalda, lögreglu eða Ríkislögreglustjóra um hluti ef merki sjást um að þeir innihaldi efnafræðileg eða líffræðileg efni eða grunur vaknar um slíkt og skulu þeir einangraðir frá almennum flugstöðvar- og flugvallarsvæðum.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 61/2004 **2004/EES/43/26**

frá 26. apríl 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([2]) skal felld inn í samninginn.

3) Sökum hnattstöðu Íslands og strjálbýlis landsins, svo og samsetningar flugvélaflotans sem notaður er í innanlandsflugi á Íslandi, er nauðsynlegt að undanþiggja innanlandsflug á íslensku yfirráðasvæði ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 2320/2002. Fullnægjandi vernd næst með öryggisreglum sem gilda í innanlandsflugi á Íslandi samkvæmt landslögum.

4) Vegna sérstakra aðstæðna í Liechtenstein, sem stafa af því að yfirráðasvæðið er mjög lítið og staðhættir óvenjulegir og af þeirri staðreynd að heildarflugumferð í landinu er mjög lítil, ekkert reglulegt millilandaflug er stundað frá Liechtenstein og aðstaða til almenns flugs takmarkast við einn þyrluflugvöll, er rétt að láta reglugerð (EB) nr. 2320/2002 ekki gilda um núverandi aðstöðu til almenns flugs á yfirráðasvæði Liechtensteins.

5) Sökum þess að flestir norskir héraðsflugvellir eru afskekktir og fullnægjandi vernd næst með öryggisreglum sem gilda í innanlandsflugi í Noregi samkvæmt landslögum er rétt að breyta deginum sem reglugerð (EB) nr. 2320/2002 kemur til framkvæmda á tilteknum héraðsflugvöllum í Noregi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66g (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB):

„66h. **32002 R 2320**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi (Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Ákvæði reglugerðar þessarar gilda ekki um innanlandsflug um flugvelli á íslensku yfirráðasvæði.

b) Ákvæði reglugerðar þessarar gilda ekki um núverandi aðstöðu til almenns flugs á yfirráðasvæði Liechtensteins.

c) Reglugerð þessi kemur til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2005 á þeim héraðsflugvöllum í Noregi sem um getur í 8. viðbæti við XIII. viðauka, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

i) Ekkert reglulegt millilandaflug sé stundað frá flugvellinum.

ii) Á þeim flugvöllum í Noregi þar sem reglugerðin hefur komið til framkvæmda að fullu séu gerðar nauðsynlegar mótvægisráðstafanir vegna flugs frá sérhverjum þessara héraðsflugvalla – til að mynda með aðskilnaði brottfararfarþega, sem hafa farið í gegnum öryggiseftirlit, og komufarþega sem hafa ekki farið í gegnum öryggiseftirlit samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar, og með því að endurtaka eftirlit með farþegum og farangri – til þess að tryggja að öryggi sé ekki ábótavant."

2. Fyrirsögnin „**8. VIÐBÆTIR**" bætist við í lok XIII. viðauka.

3. Texti viðaukans við ákvörðun þessa bætist við sem texti 8. viðbætis við XIII. viðauka.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2320/2002, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi*

([1]) Stjtíð. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 42 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2320/2002

frá 16. desember 2002

um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af niðurstöðum samgönguráðsins frá 16. október 2001, einkum 9. mgr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 15. nóvember 2002,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hið glæpsamlega athæfi, sem framið var í New York og Washington 11. september 2001, sýnir að hryðjuverkastarfsemi er ein helsta ógnunin við lýðræðishugsjónina og þau gildi frelsis og friðar sem er sjálfur hugmyndagrunnur Evrópusambandsins.

2) Ávallt skal tryggja vernd borgaranna í almenningsflugi innan Evrópubandalagsins með fyrirbyggjandi aðgerðum gegn ólöglegum aðgerðum.

3) Með fyrirvara um reglur aðildarríkjanna, er varða þjóðaröryggi og ráðstafanir, sem eru gerðar á grundvelli VI. bálks sáttmálans um Evrópusambandið, ber að ná slíkum markmiðum með því að samþykkja viðeigandi stefnumarkandi ákvæði varðandi flugsamgöngur þar sem ákveðnar eru sameiginlegar grunnkröfur, byggðar á gildandi tilmælum Evrópusambands flugmálastjórna (ECAC), í skjali nr. 30. Fela skal framkvæmdastjórninni framkvæmdavald svo að hún geti samþykkt framkvæmdarráðstafanir í einstökum atriðum þar að lútandi. Til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að sumar þessara ráðstafana séu leynilegar og ekki birtar opinberlega.

4) Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

5) Ekki er víst að sams konar ógnun sé yfirvofandi í öllum tegundum almenningsflugs. Þess vegna er nauðsynlegt að laga framkvæmdaráðstafanirnar í einstökum atriðum að sérstökum aðstæðum við hverja starfsemi og því hve viðkvæmar tilteknar ráðstafanir eru.

6) Á litlum flugvöllum kann sameiginlegum grunnkröfum að vera beitt í röngum hlutföllum eða það kann að vera ómögulegt að uppfylla þær af hlutlægum hagkvæmnisástæðum. Í slíkum tilvikum skulu viðeigandi yfirvöld aðildarríkjanna eiga þess kost að beita öðrum ráðstöfunum sem veita viðunandi vernd. Framkvæmdastjórninni ber að rannsaka hvort þessar ráðstafanir séu réttlætanlegar af hlutlægum hagkvæmnisástæðum og hvort þær veiti viðunandi vernd.

7) Í samþykktinni um alþjóðaflugmál, sem var undirrituð í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningnum), er kveðið á um lágmarkskröfur til að tryggja vernd í almenningsflugi.

8) Til að ná markmiðunum með þessari reglugerð skal hvert aðildarríki samþykkja innlenda flugverndaráætlun í almenningsflugi og einnig samsvarandi áætlun um gæðaeftirlit og áætlun um þjálfun.

9) Í ljósi þess hve margir ólíkir aðilar koma að framkvæmd flugverndarráðstafana á innlendum vettvangi er nauðsynlegt að hvert aðildarríki tilnefni eitt viðeigandi yfirvald sem ber ábyrgð á samhæfingu og hefur eftirlit með framkvæmd flugverndaráætlana.

10) Aðildarríki skulu eiga möguleika á því að beita strangari ráðstöfunum.

([1]) Stjtíð. EB C 51 E, 26.2.2002, bls. 221.
([2]) Stjtíð. EB C 48, 21.2.2002, bls. 70.
([3]) Álit Evrópuþingsins frá 29. nóvember 2001 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. janúar 2002 (Stjtíð. EB C 113 E, 14.5.2002, bls. 17) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 14. maí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 5. desember 2002 og ákvörðun ráðsins frá 9. desember 2002.

11) Til að unnt sé að hafa eftirlit með flugverndarráðstöfunum er nauðsynlegt að setja upp viðeigandi gæðaeftirlitskerfi innanlands og koma á skipulagi fyrir skoðun undir yfirumsjón framkvæmdastjórnarinnar til að sannprófa skilvirkni hvers landskerfis.

12) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

13) Tilhögun aukins samstarfs um notkun flugvallarins á Gíbraltar var samþykkt í Lundúnum 2. desember 1987 af Konungsríkinu Spáni og Breska konungsríkinu í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra beggja landanna en þessi tilhögun er ekki enn komin til framkvæmda.

14) Þar sem aðildarríkin geta ekki náð markmiðum fyrirhugaðrar aðgerðar nægilega vel, þ.e. að setja og beita viðeigandi ákvæðum varðandi stefnumótun í loftflutningum, og auðveldara er að ná þessum markmiðum á vettvangi Bandalagsins vegna þess að þessi reglugerð nær til allrar Evrópu, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og fram kemur í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, takmarkast ákvæði þessarar reglugerðar við sameiginlegar grunnkröfur, sem eru nauðsynlegar til að ná markmiðum um flugvernd, og ganga ekki lengra en nauðsynlegt er í því skyni.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

1. Meginmarkmið þessarar reglugerðar er að koma á og framkvæma viðeigandi ráðstafanir Bandalagsins til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir sem beinast gegn almenningsflugi.

2. Annað markmið er að kveða á um grunn fyrir sameiginlega túlkun á samsvarandi ákvæðum Chicagosamningsins, einkum 17. viðauka hans.

3. Leiðir til að ná markmiðunum, sem eru sett fram í 1. og 2. mgr., skulu vera:

a) að setja sameiginlegar grunnkröfur um flugverndarráðstafanir,

b) að setja upp viðeigandi kerfi til að fylgjast með því að reglum sé fylgt.

([1]) Stjtið. EB L 184, 17.1.1999, bls. 23.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „flugvöllur“: svæði í aðildarríki sem er opið fyrir starfsemi í tengslum við flutningaflug,

2. „Chicago-samningurinn“: samþykktin um alþjóðaflugmál, ásamt viðaukum, sem var undirrituð í Chicago 7. desember 1944,

3. „flugvernd“: sambland af ráðstöfunum og mannlegum og náttúrulegum úrræðum til að vernda almenningsflug gegn ólöglegum aðgerðum.

3. gr.

Gildissvið

1. Ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, gilda um alla flugvelli á yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn gildir um.

2. Beiting þessarar reglugerðar gagnvart flugvellinum á Gíbraltar telst hvorki hafa áhrif á lagalega stöðu Konungsríkisins Spánar né Breska konungsríkisins að því er varðar ágreining um yfirráðarétt yfir landsvæðinu þar sem flugvöllurinn er staðsettur.

3. Beitingu þessarar reglugerðar gagnvart flugvellinum á Gíbraltar er frestað þar til tilhögunin, sem kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Konungsríkisins Spánar og Breska konungsríkisins frá 2. desember 1987, er komin til framkvæmda. Ríkisstjórnir Spánar og Breska konungsríkisins munu tilkynna ráðinu um dagsetningu þeirrar framkvæmdar.

4. gr.

Sameiginlegar kröfur

1. Sameiginlegu grunnkröfurnar um flugverndarráðstafanir eru byggðar á gildandi tilmælum Evrópusambands flugmálastjórna, skjali nr. 30, og mælt er fyrir um þær í viðaukanum.

2. Ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar fyrir framkvæmd og tæknilega aðlögun þessara sameiginlegu grunnkrafna, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr., að teknu tilhlýðilegu tilliti til hinna ýmsu tegunda starfsemi og þess hve vandmeðfarnar þær ráðstafanir eru sem varða:

a) nothæfisviðmiðanir og samþykktarprófanir búnaðar,

b) nákvæma málsmeðferð þar sem farið er með viðkvæmar upplýsingar,

c) nákvæmar viðmiðanir fyrir undanþágu frá flugverndarráðstöfunum.

3. Á grundvelli mats á staðbundinni áhættu, og ef beiting flugverndarráðstafananna, sem eru tilgreindar í viðaukanum við þessa reglugerð, er misjöfn eða ef ekki er hægt að beita þeim af hlutlægum hagkvæmnisástæðum, geta viðeigandi yfirvöld í aðildarríki samþykkt innlendar verndarráðstafanir til að veita nægilega vernd á flugvöllum:

a) þar sem tvær flugferðir í atvinnuskyni á dag eru árlegt meðaltal, eða

b) þar sem einungis er um að ræða almannaflug, eða

c) þar sem atvinnustarfsemi takmarkast við loftför með minna en 10 tonna hámarksflugtaksþyngd eða færri en 20 sæti,

að teknu tilliti til sérkenna slíkra, lítilla flugvalla.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu gera framkvæmdastjórninni grein fyrir þessum ráðstöfunum.

4. Framkvæmdastjórnin skal athuga hvort ráðstafanirnar, sem aðildarríki samþykkir í samræmi við 3. mgr., séu réttlætanlegar af hlutlægum og hagnýtum ástæðum og hvort þær veiti viðunandi flugvernd. Ef ráðstafanirnar eru ekki í samræmi við þessar viðmiðanir skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 9. gr.; þegar svo háttar til skal aðildarríkið afturkalla eða aðlaga þær.

5. gr.

Innlend flugverndaráætlun í almenningsflugi

1. Innan þriggja mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skal hvert aðildarríki samþykkja innlenda flugverndaráætlun í almenningsflugi með það fyrir augum að tryggja að almennu kröfurnar, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., og ráðstafanirnar, sem eru samþykktar í samræmi við 2. mgr. 4. gr., gildi frá og með þeim degi sem er tilgreindur í þessum ráðstöfunum.

2. Enda þótt ein eða fleiri stofnanir eða aðilar í aðildarríki kunni að standa að flugvernd skal hvert aðildarríki tilnefna viðeigandi yfirvald sem ber ábyrgð á samræmingu og eftirliti með framkvæmd innlendrar flugverndaráætlunar í almenningsflugi.

3. Innan 6 mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar skal hvert aðildarríki krefjast þess að viðeigandi yfirvald sjái til þess að innlend áætlun um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi sé samin og framkvæmd til að tryggja skilvirkni eigin áætlunar um flugvernd.

4. Hvert aðildarríki skal sjá til þess að flugvellir þess og flugfélög, sem veita þjónustu í því ríki, komi upp, starfræki og viðhaldi flugverndaráætlunum fyrir flugvelli og flugfélög sem eru til þess fallnar að uppfylla kröfur innlendrar flugverndaráætlunar í almenningsflugi. Þessar áætlanir skulu lagðar fram til samþykkis og vera undir eftirliti viðeigandi yfirvalds.

5. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að viðeigandi yfirvald sjái til þess að innlend þjálfunaráætlun um flugvernd í almenningsflugi sé samin og framkvæmd.

6. gr.

Aðildarríkin geta gert strangari ráðstafanir en þær sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í samræmi við lög Bandalagsins. Eins fljótt og unnt er eftir að þær ráðstafanir taka gildi skulu aðildarríkin greina framkvæmdastjórninni frá því hvers eðlis þær eru.

7. gr.

Eftirlit með því að reglum sé fylgt

1. Samþykkja skal forskriftir fyrir innlenda áætlun um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi, sem aðildarríkin eiga að framkvæma, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr. Sú áætlun skal byggjast á bestu starfsvenjum og gera það kleift að uppgötva fljótt misbresti og leiðrétta þá. Í hverri áætlun skal kveðið á um að allir flugvellir í viðkomandi aðildarríki skuli skoðaðir reglulega og skal það vera á ábyrgð viðeigandi yfirvalds sem um getur í 2. mgr. 5. gr. Við slíka úttekt skal beita sameiginlegri aðferðafræði og skulu skoðunarmenn, sem eru hæfir til þess, annast hana og fara eftir sameiginlegum viðmiðunum.

2. Sex mánuðum frá gildistöku ákvæða þessarar reglugerðar í samræmi við 12. gr. skal framkvæmdastjórnin hefja skoðun, í samvinnu við viðeigandi yfirvald sem um getur í 2. mgr. 5. gr., þ.m.t. skoðun á heppilegu úrtaki flugvalla, til að fylgjast með því hvernig aðildarríkin beita þessari reglugerð. Í þeirri skoðun skal taka tillit til upplýsinga úr innlendum áætlunum um gæðaeftirlit með flugvernd í almenningsflugi, einkum úttektarskýrslum. Aðferðir við framkvæmd slíkrar skoðunar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

3. Embættismennirnir, sem fá umboð framkvæmdastjórnarinnar til að annast skoðun í samræmi við 2. mgr., skulu, þegar þeir gegna skyldustörfum sínum, geta framvísað skriflegri heimild þar sem fram koma efnisatriði og tilgangur skoðunarinnar, svo og hvaða dag skoðun hefst. Ekki ber að tilkynna um skoðun á flugvelli. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi aðildarríki um skoðun með góðum fyrirvara.

Viðkomandi aðildarríki skal undirgangast slíka skoðun og sjá til þess að viðkomandi aðilar eða einstaklingar geri það einnig.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda skoðunarskýrslurnar til viðkomandi aðildarríkis sem skal, innan þriggja mánaða frá tilkynningu, gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem hafa verið gerðar til að ráða bót á þeim ágöllum sem kunna að hafa komið fram. Senda skal skýrsluna og svar viðkomandi yfirvalds, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., til nefndarinnar sem komið er á fót skv. 1. mgr. 9. gr.

8. gr.

Miðlun upplýsinga

1. Með fyrirvara um almennan rétt til aðgangs að skjölum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 1049/2001 frá 30. maí 2001 varðandi almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ([1]), skulu,

a) ráðstafanir varðandi

   i) nothæfisviðmiðanir og samþykktarprófanir búnaðar,

   ii) nákvæma málsmeðferð þar sem farið er með viðkvæmar upplýsingar,

   iii) nákvæmar viðmiðanir fyrir undanþágu frá flugverndarráðstöfunum,

   sem um getur í 2. mgr. 4. gr.,

b) forskriftirnar sem um getur í 1. mgr. 7. gr., og

c) skoðunarskýrslurnar og svör aðildarríkjanna, sem um getur í 4. mgr. 7. gr.,

   vera leynilegar og ekki birtar. Þær skulu einungis vera aðgengilegar yfirvöldunum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. og þau skulu aðeins afhenda þær aðilum sem málið varðar og þurfa að fá vitneskju um þær í samræmi við gildandi innlendar reglur um miðlun viðkvæmra upplýsinga.

([1]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

2. Aðildarríkin skulu, eftir því sem unnt er og í samræmi við gildandi landslög, fara með upplýsingar úr skoðunarskýrslum og svör aðildarríkjanna sem trúnaðarmál þegar þau varða önnur aðildarríki.

3. Ef ekki liggur ljóst fyrir hvort afhenda megi skoðunarskýrslu og svör eða ekki skulu aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin hafa samráð við aðildarríkið sem á í hlut.

9. gr.

Nefndin

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Þegar vitnað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera einn mánuður.

3. Þegar vitnað er til þessarar málsgreinar gilda 6. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

4. Nefndin setur sér starfsreglur.

10. gr.

Þriðju lönd

Með fyrirvara um ábyrgð aðildarríkjanna varðandi áhættumat og flugverndarskilmála í samningunum um almenningsflug skal framkvæmdastjórnin athuga, með aðstoð flugverndarnefndarinnar og ásamt Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og Evrópusambandi flugmálastjórna, möguleikann á því að koma upp kerfi til að meta hvort flug frá flugvöllum í þriðja landi, uppfylli grundvallarkröfur um flugvernd.

11. gr.

Birting upplýsinga

Með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 1049/2001, skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu ár hvert um framkvæmd þessarar reglugerðar og um ástand mála að því er varðar flugvernd í Bandalaginu þar sem niðurstöður skoðunarskýrslna eru lagðar til grundvallar.

12. gr.

Viðurlög

Viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* nema að því er varðar eftirfarandi ákvæði viðaukans:

— ákvæði um skimun í lestarfarangri (liður 5.2),

— ákvæði um farm, og boðsendinga- og hraðsendingapakka (6. hluti), og

— ákvæði um póst (7. hluti),

sem öðlast gildi 31. desember 2002.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
P. COX
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
M. FISCHER BOEL
forseti.

VIÐAUKI

1. **SKILGREININGAR**

1. „Lestarfarangur sem fylgir farþega“: farangur sem er tekinn til flutnings í lest loftfars og farþeginn, sem innritaði hann, er um borð í því.

2. „Flugsvæði“: athafnasvæði á flugvelli, aðliggjandi landsvæði og byggingar eða hlutar af þessu.

3. „Flugverndarathugun á loftfari“: skoðun á loftfarinu innanverðu, þar sem farþegar geta haft aðgang, og skoðun á lestinni með það fyrir augum að finna bannaða hluti.

4. „Flugverndarleit í loftfari“: nákvæm skoðun á loftfarinu að utan og innan með það fyrir augum að finna bannaða hluti.

5. „Athugun á bakgrunni“: athugun á því hver einstaklingurinn er og fortíð hans, þ.m.t. hvort hann eigi afbrotaferil að baki, sem liður í mati á því hvort óhætt sé að heimila honum aðgang að haftasvæði flugverndar án fylgdar.

6. „Handfarangur“: farangur sem er ætlaður til flutnings í farþegarými loftfars.

7. „Atvinnuflug“: áætlunarflug eða óreglubundið flug eða flugstarfsemi sem er til leigu fyrir almenning eða hópa fólks gegn gjaldi.

8. „Rekstrarvörur (Co-Mat)“: rekstrarvörur flugfélags sem eru fluttar á stöðvaneti þess.

9. „Fyrirtækispóstur (Co-Mail)“: fyrirtækispóstur flugfélags sem er fluttur á milli stöðva þess.

10. „Stöðugar úrtakskannanir“: kannanir sem eru gerðar af handahófi allan starfstímann.

11. „Almannaflug“: áætlunarflug eða óreglubundið flug sem stendur ekki til boða eða er ekki aðgengilegt almenningi.

12. „EDS“: greiningarkerfi fyrir sprengiefni (Explosive Detection System). Kerfi eða sambland af mismunandi tækni til að finna sprengiefni í farangri og gefa það til kynna með viðvörunarmerki, óháð því úr hvaða efni taskan er.

13. „EDDS“: greiningarkerfi fyrir sprengibúnað (Explosive Device Detection System). Kerfi eða sambland af mismunandi tækni til að finna sprengibúnað og gefa það til kynna með viðvörunarmerki með því að finna einn eða fleiri íhluti slíks búnaðar í farangri , óháð því úr hvaða efni taskan er.

14. „Lestarfarangur“: farangur sem er ætlaður til flutnings í lest loftfars.

15. „Þekktur sendandi“:

    a) farms: sendandi farms til flutnings með flugi fyrir eigin reikning sem hefur gert viðskiptasamning við viðurkenndan umboðsaðila eða flugfélag á grundvelli viðmiðana sem eru nánar tilgreindar í þessum viðauka,

    b) pósts: sendandi pósts til flutnings með flugi fyrir eigin reikning sem hefur gert viðskiptasamning við viðurkennd póstyfirvöld eða póststjórn.

16. „Almenningssvæði“: sá hluti flugvallar sem er ekki flugsvæði, þ.m.t. öll almenn svæði.

17. „Póstur“: sendingar bréfa og annarra hluta sem hafa verið afhentir og eru ætlaðir til afhendingar hjá póststjórnum. Aðildarríkin skilgreina hvað átt er við með hugtakinu póstyfirvöld eða póststjórn.

18. „Bannaður hlutur“: hlutur sem nota má til að fremja ólöglegt athæfi og sem hvorki hefur verið gerð grein fyrir á viðeigandi hátt né hann meðhöndlaður samkvæmt lögum og reglum. Viðmiðunarskrá yfir bannaða hluti af því tagi er að finna í viðbætinum.

19. „PEDS“: frumgreiningarkerfi fyrir sprengiefni (Primary Explosive Detection System). Kerfi eða blönduð tækni til að finna sprengiefni í farangri og gefa það til kynna með viðvörunarmerki, óháð því úr hvaða efni taskan er.

20. „Viðurkenndur umboðsaðili“: umboðsmaður, farmmiðlun eða annar aðili sem á viðskipti við farmflytjanda og hefur með höndum flugverndareftirlit sem viðeigandi yfirvald viðurkennir eða krefst þegar um er að ræða farm, boðsendingar og hraðsendingar eða póst.

21. „Haftasvæði flugverndar“: flugsvæði flugvallar þar sem eftirlit er haft með aðgangi til að tryggja flugvernd í almenningsflugi. Þessi svæði ná að jafnaði m.a. yfir öll brottfararsvæði farþega á milli skimunarstaða og loftfars, hlaðs, flokkunarsvæða farangurs, farangursskála, póststöðva og athafnasvæða fyrir ræstingar og flugvistir.

22. „Flugverndareftirlit“: aðgerðir til að koma í veg fyrir aðflutning bannaðra hluta.

23. „Skimun“: beiting tæknilegra aðferða eða annarra aðferða til að bera kennsl á og/eða finna bannaða hluti.

24. „Lestarfarangur sem fylgir ekki farþega“: farangur sem er tekinn til flutnings í lest loftfars þar sem farþeginn, sem innritaði hann, er ekki um borð.

25. „Flugstöð“: aðalbygging eða byggingar þar sem afgreiðsla farþega og farangurs fer fram og þaðan sem farið er um borð í loftför.

26. „TIP“: hættuhermimynd (Threat Image Projection), hugbúnaður sem hægt er að koma fyrir í sérstökum röntgentækjum. Forritið endurvarpar sýndarmyndum af hættulegum hlutum (t.d. byssu, hníf, heimatilbúnum sprengibúnaði) í röntgenmynd af venjulegri tösku sem verið er að skoða og veitir notanda röntgentækisins strax svörun við því hvort möguleiki sé á því að sjá slíkar myndir.

27. „Snefilgreiningartæki“ (Trace Detection Equipment): Tæknikerfi eða blönduð tækni sem gerir mögulegt að finna mjög lítið magn (1 milljarðasta úr grammi) af sprengiefni í farangri, eða aðra hluti sem setja þarf í greiningu, og gefa það til kynna með viðvörunarmerki.

2. FLUGVERND Á FLUGVÖLLUM

2.1. Kröfur við skipulagningu flugvalla

Við hönnun eða útfærslu flugvalla, farþegamiðstöðva og vöruafgreiðslna og annarra bygginga, þar sem beinn aðgangur er að flugsvæði, verður að taka tillit til grundvallarkrafna um:

a) flugverndareftirlit sem beint er að farþegum, farangri, farmi, boðsendingum eða hraðsendingum, pósti og flugvistum og birgðum flugfélags,

b) vernd og eftirlit með aðgangi að flugsvæði, haftasvæðum flugverndar og öðrum viðkvæmum svæðum og aðstöðu á flugvellinum,

c) skilvirka notkun flugverndarbúnaðar.

2.1.1. *Mörk flugsvæðis og almenningssvæðis*

Setja skal mörk milli almenningssvæðis og flugsvæðis á flugvöllum.

2.1.2. *Haftasvæði flugverndar*

Koma skal upp haftasvæðum flugverndar á öllum flugvöllum.

2.2. Eftirlit með aðgangi

2.2.1. *Haftasvæði flugverndar og önnur flugsvæði*

i) Aðgangur að haftasvæðum flugverndar og öðrum flugsvæðum skal ávallt vera undir eftirliti til að tryggja að enginn óviðkomandi fari inn á þessi svæði og að engir bannaðir hlutir séu fluttir inn á haftasvæði flugverndar eða inn í loftfar.

ii) Athuga skal, a.m.k. 5 ár aftur í tímann, bakgrunn alls starfsfólks sem þarf að hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar. Endurtaka skal athugunina með reglulegu millibili og eigi sjaldnar en á 5 ára fresti.

iii) Allt starfsfólk, sem þarf að hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skal einnig fá reglulega þjálfun í flugvernd (sjá lið 12.3), þ.m.t. að því er varðar hættu á ólöglegu athæfi gegn flugvernd, og hafa fyrirmæli um að tilkynna viðkomandi yfirvaldi um hvern þann atburð sem getur ógnað flugvernd.

iv) Gefa skal út aðgangskort að flugvellinum til allra starfsmanna sem vinna á flugvellinum eða koma þangað oft (þ.m.t. starfsmanna flugvallarins og flugfélaga og starfsmanna annarra fyrirtækja). Á aðgangskorti að flugvelli skal vera nafn korthafa og mynd af honum. Það skal einungis gilda í takmarkaðan tíma. Viðkomandi yfirvald skal ákvarða hvenær varanlegt aðgangskort að flugvelli er gefið út til þeirra sem koma þangað oft.

v) Aðgangskort flugvallar skal jafnan bera þannig að það sé vel sýnilegt þegar handhafi þess er við störf.

vi) Ökutæki, sem þarf að nota á flugsvæði, skulu höfð innan flugsvæðis eftir því sem við verður komið.

vii) Ökutæki, sem þarf að færa á milli almenningssvæðis og flugsvæðis, skulu vera útbúin með sérstöku aðgangsspjaldi fyrir ökutækið sem er fest á það á vel sýnilegum stað. Önnur ökutæki, sem þurfa að fá aðgang að flugsvæði, skulu ekki fá aðgang fyrr en þau hafa verið skoðuð og fengið aðgangsspjald til bráðabirgða. Veita má undanþágu frá þessari kröfu fyrir ökutæki sem notuð eru í erindum í neyðartilvikum.

viii) Aðgangskort að flugvöllum og aðgangsspjöld ökutækja skulu skoðuð á öllum gátstöðum flugvalla og haftasvæða flugverndar.

2.2.2. *Flugstöðvarsvæði*

Hafa skal eftirlit með öllum svæðum flugstöðva sem eru aðgengileg almenningi. Vaktmenn skulu vera á flugstöðvum og farþegar og aðrir aðilar skulu vera undir eftirliti flugverndarstarfsfólks.

2.2.3. *Önnur almenn svæði*

Aðferðir við að stýra aðgangi að almennum svæðum nálægt umferðarsvæðum loftfara (útsýnispöllum, flugvallarhótelum og bílastæðum) skulu vera fyrir hendi. Önnur almenn svæði, sem hafa þarf eftirlit með, eru m.a. aðstaða, sem er alltaf komið fyrir á almenningssvæðum, þ.m.t. bifreiðastæði viðskiptamanna og önnur almenn bifreiðastæði, aðleiðir að flugstöðvum og almennar aðleiðir, aðstaða fyrir bifreiðaleigur, biðstöðvar fyrir leigubifreiðar og landflutningatæki og öll hótelaðstaða á flugvellinum.

Einnig skal gera ráðstafanir til að tryggja að hægt sé að loka slíkum almennum svæðum með litlum fyrirvara ef hætta eykst. Flugverndarstarfsfólk skal vakta þessi svæði þegar þau eru opin almenningi.

2.3. **Skimun á starfsfólki, hlutum sem það ber á sér og ökutækjum**

a) Allt starfsfólk, þ.m.t. flugáhöfn, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skal skimað áður en aðgangur er veittur að haftasvæði flugverndar. Ef ekki er hægt að koma þessu við skal stöðugt fara fram úrtaksskimun á einstaklingum og hlutum svo oft sem sagt er fyrir um í áhættumati, sem lögbært yfirvald í hverju aðildarríki um sig annast; úrtaksskimun skal ná til allra hluta sem þjónustuaðilar fara með um borð í loftfar, þ.m.t. þeir sem annast ræstingar og tollfrjálsa verslun og aðrir sem hafa aðgang að loftförum.

Einu ári frá gildistöku þessarar reglugerðar skal allt starfsfólk, þ.m.t. flugáhöfn, ásamt hlutum sem menn bera á sér, skimað áður en það fær aðgang að viðkvæmustu hlutum haftasvæða flugverndar eins og lögbært yfirvald í hverju aðildarríki ákveður.

Fyrir 1. júlí 2004 skal framkvæmdastjórnin samþykkja viðeigandi framkvæmdarráðstafanir fyrir sameiginlega skilgreiningu á viðkvæmustu hlutum haftasvæða í samræmi við 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar. Beita skal slíkum ráðstöfunum að fullu eigi síðar en fimm árum eftir að framkvæmdastjórnin samþykkir þær, sbr. þó 6. gr. þessarar reglugerðar.

Skimunin skal tryggja að enginn hafi bannaða hluti meðferðis og aðferðirnar, sem eru notaðar, skulu vera þær sömu og við skimun farþega og handfarangurs.

b) Ökutæki og birgðir, sem verið er að flytja til á flugsvæði eða til annarra haftasvæða flugverndar, skulu skoðuð öðru hvoru.

2.4. **Vernd og vöktun mannvirkja**

a) Hlöð og önnur stæði skulu vera nægilega vel lýst og lýsingin skal umfram allt ná til berskjaldaðra svæða á flugvellinum.

b) Verja skal tækni- og viðhaldssvæði með girðingum, vörðum og vaktmönnum og stjórna skal aðgangi að þessum svæðum með aðgangskortum að flugvellinum og aðgangsspjöldum ökutækja. Gera skal svipaðar ráðstafanir til að vernda ytri mörk flugvallarsvæðisins og mannvirki sem standa þar, s.s. orkugjafa, rafveitustöðvar, leiðsögustöðvar, flugturna og aðrar byggingar sem flugumferðarþjónustan notar, svo og eldsneytis- og fjarskiptastöðvar. Gera skal sérstakar varúðarráðstafanir gegn tilraunum til að vinna skemmdarverk á eldsneytis- og fjarskiptastöðvum.

c) Hafa skal eftirlit með girðingunni umhverfis flugvöllinn og svæðum sem liggja að haftasvæðum flugverndar, öðrum flugsvæðum utan þessarar girðingar og svæðum í næsta nágrenni við flugbrautarenda og akbrautir með því að hafa þar vaktmenn, samtengd sjónvarpstæki eða aðra vöktun. Beita skal strangri málsmeðferð gagnvart einstaklingum sem sýna ekki aðgangskort að flugvelli svo og þeim sem fara inn á svæði í leyfisleysi.

d) Aðgangur að flugsvæðum og haftasvæðum flugverndar um flugvallarskrifstofur, verkstæði, farmstöðvar og aðrar stöðvar- og þjónustubyggingar skal vera í lágmarki.

3. FLUGVERND LOFTFARA

3.1. **Leit og athugun á loftfari**

1. Leita skal í öllum loftförum sem hér segir:

a) „flugverndarleit í loftfari“ skal gerð í loftförum, sem eru ekki í notkun, strax áður en eða strax eftir að farið er með þau inn á haftasvæði flugverndar; leita má í loftförum á öðrum tíma en rétt áður en þau eru tekin inn á haftasvæði flugverndar en þau skulu vernduð eða þeirra gætt frá því að leit hefst og fram að brottför; fari leit hins vegar fram eftir að þau eru flutt inn á haftasvæði flugverndar skulu þau vernduð eða þeirra gætt frá því að leit hefst og fram að brottför,

b) „flugverndarathugun á loftfari“ skal gerð á loftfari í notkun, sem hefur viðdvöl áður en það snýr til baka eða heldur áfram, strax og farþegar eru farnir frá borði eða eins stuttu áður en farþegar fara um borð og/eða farangur eða farmur er settur um borð og mögulegt er, eftir því sem við á.

2. Öll flugverndarleit og -athugun á loftfari skal fara fram þegar allir þjónustuaðilar (þeir sem sjá um flugvistir, ræstingar, verslun með tollfrjálsan varning og annað), aðrir en þeir sem annast flugvernd, hafa yfirgefið loftfarið sem skal þá haldast öruggt þar til og á meðan farið er um borð og brottför undirbúin.

3.2. **Vernd loftfara**

1. Ákveða skal hver ber ábyrgð á eftirliti með aðgangi að loftfari á stæði og skal eftirlitið fara fram sem hér segir:

a) þegar um er að ræða loftfar í notkun skal hafa eftirlit með aðgangi að loftfarinu frá því að flugverndarathugun hefst og fram að brottför til að viðhalda áreiðanleika athugunarinnar,

b) þegar um er að ræða loftfar, sem er ekki í notkun og hefur verið skoðað og það flutt inn á haftasvæði flugverndar, skal hafa eftirlit með aðgangi að loftfarinu frá því að skoðun hefst og fram að brottför til að viðhalda áreiðanleika skoðunarinnar.

2. Öll loftför í notkun skulu vera undir eftirliti sem nægir til að koma upp um óleyfilegan aðgang.

3. Aðgangi að loftfari, sem er ekki í notkun, skal stjórnað sem hér segir:

a) útidyr farþegaklefa skulu vera lokaðar,

b) landgangar og/eða farþegastigar skulu vera tryggilega frágengnir, dregnir inn eða felldir niður eftir því sem við á, eða

c) ígildi innsiglis komið fyrir á dyrum loftfarsins.

4. Ef starfsmenn eru ekki allir skimaðir áður en þeir fara inn á haftasvæði flugverndar skal gangandi eða akandi vaktmaður vitja um hvert loftfar a.m.k. einu sinni á hverjum 30 mínútum; að öðrum kosti skal vera þar nægilegt eftirlit til að uppgötva aðgang óviðkomandi aðila.

5. Þegar unnt er skal leggja loftfari á vel upplýstu svæði fjarri flugvallargirðingum eða öðrum hindrunum sem auðvelt er að komast í gegnum.

4. FARÞEGAR OG HANDFARANGUR

4.1. Skimun farþega

1. Að frátöldum þeim sem eru tilgreindir í 3. lið hér á eftir skulu allir brottfararfarþegar skimaðir (þ.e. farþegar sem hefja ferð og flugskiptafarþegar, nema þeir sem hafa áður verið skimaðir samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessum viðauka), til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftför. Farþegar skulu skimaðir með eftirfarandi aðferðum:

   a) handleit, eða

   b) skimun í málmleitarhliði. Þegar málmleitarhlið er notað skal einnig stöðugt leitað með handleit á slembiúrtaki þeirra farþega sem eru skimaðir. Þessi handleit skal ná til allra farþega sem framkalla viðvörun frá tækinu og einnig skal stöðugt leitað á slembiúrtaki þeirra farþega sem framkalla ekki viðvörun frá tækinu, og ef:

      i) viðvörun fer í gang skal einstaklingurinn skimaður aftur í málmleitarhliðinu, eða

      ii) með handleit þar sem nota má handvirkt málmleitartæki.

2. Þegar málmleitarhlið er notað skal það stillt þannig að það eigi að vera öruggt að smærri málmhlutir finnist.

3. Viðeigandi yfirvöld geta skipt einstaklingum í flokka eftir því hvort þeir skuli sæta sérstakri skimunarmeðferð eða vera undanþegnir henni.

4. Setja skal verndarákvæði vegna hugsanlegra ólátafarþega.

4.2. Aðskilnaður farþega

Skimaðir brottfararfarþegar skulu ekki blandast komufarþegum sem hafa hugsanlega ekki verið skimaðir samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessum viðauka. Ef ekki er hægt að koma því við að aðskilja farþegana skal flugverndarmarkmiðum náð með beitingu annarra ráðstafana sem eru í samræmi við mat lögbærs yfirvalds á áhættunni.

4.3. Skimun handfarangurs

1. Handfarangur brottfararfarþega (þ.e. farþega sem hefja ferð og flugskiptafarþega nema þeirra sem hafa áður verið skimaðir samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessum viðauka) skal skimaður áður en leyft er að flytja hann inn á haftasvæði flugverndar og um borð í loftfar. Leggja skal hald á alla bannaða hluti í fórum farþega eða, eftir því sem við á, farþeganum meinaður aðgangur að haftasvæði flugverndar eða loftfarinu. Handfarangur skal skimaður með einhverri af eftirfarandi aðferðum:

   a) nákvæmri handleit í hverri tösku og taskan rannsökuð með tilliti til grunsamlegra einkenna eins og óeðlilegrar þyngdar o.s.frv., eða

   b) skimun með hefðbundnu röntgentæki ásamt stöðugri handleit í slembiúrtaki af skimuðum töskum þar sem hlutfall einstaklinga, sem fara gegnum slíka leit, er ekki minna en 10% og eru þá með taldir þeir sem stjórnandi telur grunsamlega, eða

   c) skimun með háskerpu-röntgentæki þar sem hættuhermimynd (TIP) er uppsett og notuð. Einungis þarf að skoða með handleit þær töskur sem stjórnandi telur grunsamlegar en til stuðnings handleitinni má nota snefilgreiningartækið (TDE).

2. Setja má handfarangur þeirra sem eru tilgreindir í 3. lið liðar 4.1 í sérstaka skimunarmeðferð eða undanþiggja hann skimun.

4.4. **Skimun stjórnarerindreka**

Með fyrirvara um ákvæði Vínarsamningsins um stjórnmálasamband skal skima stjórnarerindreka og aðra einstaklinga sem njóta sérréttinda og einkafarangur þeirra, að frátöldum „stjórnarpósti", af flugverndarástæðum. Starfsfólk flugfélaga, sem ber ábyrgð á því að taka á móti stjórnarpósti, skal fullvissa sig um að hann hafi í reynd verið sendur af réttilega útnefndum embættismönnum á viðkomandi sendiskrifstofu. Stjórnarpóstberar eru ekki undanþegnir skimun né heldur persónulegur farangur þeirra.

5. LESTARFARANGUR

5.1. **Tengslin milli lestarfarangurs og farþega**

1. Ekki skal setja lestarfarangur um borð í loftfar nema eftirfarandi ráðstafanir séu gerðar:

   a) lestarfarangur skal vera greinilega merktur að utanverðu svo að hægt sé að tengja hann tilteknum farþega, og

   b) farþeginn, sem slíkur farangur tilheyrir, skal vera innritaður í það flug sem flytja á farangurinn með, og

   c) fyrir lestun skal lestarfarangur hafður á svæði á flugvellinum þar sem aðgangur er aðeins leyfður þeim sem hafa til þess heimild, og

   d) bera skal kennsl á allan farangur sem flugfélag hefur tekið í vörslu til flutnings í lest loftfars með tilliti til þess hvort hann fylgir farþega eða ekki. Ferlið við að bera kennsl á farangur skal annaðhvort vera handvirkt eða sjálfvirkt.

2. Ef farþegi, sem er innritaður í flug og hefur sett farangur í vörslu flugfélags, er ekki um borð í loftfarinu skal gera ráðstafanir til að tryggja að sá lestarfarangur sé fjarlægður úr loftfarinu og skal ekki flytja hann með því flugi.

3. Koma skal upp farmskrá yfir lestarfarangur eða annars konar staðfestingu á því að borin hafi verið kennsl á lestarfarangur, sem fylgir ekki farþega, og hann skimaður.

5.2. **Skimun lestarfarangurs**

1. Lestarfarangur sem fylgir farþega. Allur lestarfarangur, sem fylgir farþega (bæði farangur í upphafi ferðar og flugskiptafarangur, nema farangurinn hafi áður verið skimaður samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessum viðauka), skal skimaður með einhverri af eftirfarandi aðferðum áður en hann er lestaður um borð í loftfar:

   a) handleit, eða

   b) venjulegu röntgentæki þar sem einnig skal rannsaka a.m.k. 10% af skimuðum farangri, annaðhvort:

      i) með handleit, eða

      ii) með greiningarkerfi fyrir sprengiefni, greiningarkerfi fyrir sprengibúnað eða frumgreiningarkerfi fyrir sprengiefni, eða

      iii) með venjulegu röntgentæki þar sem hver taska er skoðuð frá tveimur mismunandi sjónarhornum af sama starfsmanni á sama skimunarstað, eða

   c) venjulegu röntgentæki þar sem hættuhermimynd er uppsett og notuð, eða

   d) greiningarkerfi fyrir sprengiefni eða greiningarkerfi fyrir sprengibúnað, eða

   e) frumgreiningarkerfi fyrir sprengiefni, eða

   f) með snefilgreiningartækinu á opnum töskum.

2. Lestarfarangur sem fylgir ekki farþega. Allur farangur, sem fylgir ekki farþega, bæði farangur í upphafi ferðar og flugskiptafarangur, skal skimaður með einhverri af eftirfarandi aðferðum áður en hann er lestaður um borð í loftfar:

   a) greiningarkerfi fyrir sprengiefni, eða

   b) stigskiptu frumgreiningarkerfi fyrir sprengiefni þar sem starfsmenn skoða myndir af öllum töskum á öðru stigi leitarinnar, eða

   c) venjulegu röntgentæki þar sem hver taska er skoðuð frá tveimur mismunandi sjónarhornum af sama starfsmanni á sama skimunarstað, eða

   d) handleit auk þess sem snefilgreiningartækinu er beitt á opnar töskur,

   nema farangur, sem fylgir ekki farþega og hefur áður verið skimaður samkvæmt kröfunum sem er lýst í þessum viðauka, hafi verið aðskilinn frá farþega af ástæðum sem hann ræður ekki við og farangurinn hafi verið í umsjá flugfélagsins.

5.3. **Vernd lestarfarangurs**

1. Lestarfarangur, sem flytja á í loftfari, skal varinn fyrir óheimilum aðgangi frá því að tekið er við honum í umsjá flugfélagsins og fram að brottför loftfarsins sem á að flytja hann. Gera skal eftirfarandi ráðstafanir til að vernda lestarfarangur:

   a) Fyrir lestun skal lestarfarangur hafður á flokkunarsvæði fyrir farangur eða öðru geymslusvæði á flugvellinum þar sem einungis þeir sem hafa heimild fá aðgang.

   b) Hver sá einstaklingur, sem fer í leyfisleysi inn á flokkunarsvæði eða geymslusvæði fyrir farangur, skal stöðvaður og honum fylgt út af svæðinu.

   c) Ekki má hafa upphaflegan lestarfarangur eða flugskiptafarangur eftirlitslausan á hlaði eða við loftfar áður en hann er lestaður um borð í loftfarið.

   d) Ekki má hafa flugskiptafarangur, sem er fluttur milli loftfara, eftirlitslausan á hlaði eða við loftfar áður en hann er lestaður.

   e) Takmarka skal aðgang að stöðvum fyrir óskilamuni í flugstöðinni til að koma í veg fyrir ólöglegan aðgang að farangri og vörum.

6. FARMUR, BOÐSENDINGAR OG HRAÐSENDINGAR

6.1. **Framkvæmd**

Allur farmur, svo og boðsendingar og hraðsendingar sem flytja á í farþega- eða vöruloftförum, skal vera undir flugverndareftirliti sem er lýst hér á eftir áður en hann er settur um borð í loftfarið.

6.2. **Hæfi viðurkennds umboðsaðila**

Viðurkenndur umboðsaðili skal:

a) tilnefndur, samþykktur eða skráður af viðeigandi yfirvaldi,

b) taka á sig sérstakar skuldbindingar sem viðeigandi yfirvald skilgreinir.

6.3. **Flugverndareftirlit**

1. Ekki má flytja farm, boðsendingar og hraðsendingar loftleiðis nema eftirfarandi flugverndareftirliti hafi verið beitt:

   a) mótttaka, meðhöndlun og meðferð farms skal vera í höndum starfsfólks sem er ráðið og þjálfað til starfsins á réttan hátt,

b) farmur skal:

i) skoðaður með handleit eða þreifaður, eða

ii) skimaður með röntgentæki, eða

iii) settur í hermiklefa, eða

iv) athugaður á annan hátt, bæði tæknilega og líffræðilega, (t.d. með leitarhundum, snefilgreiningartækjum, sprengjuleitarhundum o.s.frv.)

svo að tryggt sé eins og hægt er að í honum sé enginn bannaður hlutur eins og tilgreint er í iv- og v-lið í viðbætinum, nema hann hafi verið tilkynntur og tryggilega séð um að gildandi öryggisráðstafanir nái til hans.

Ef ekki er hægt að nota neina af framangreindum leiðum og aðferðum við flugverndareftirlit vegna þess hvers eðlis vörusendingin er getur viðeigandi yfirvald ákveðið tiltekinn geymslutíma.

2. Þegar flugverndareftirlit er komið til framkvæmda, þ.m.t. eftirlit með farmi frá þekktum vörusendendum, hvort heldur er á flugvallarsvæðinu eða utan þess, skal verja sendingarnar fyrir óheimilum aðgangi þar til þær eru settar um borð í loftfar og fram að brottför loftfarsins.

3. Ekki þarf að beita flugverndareftirliti sem er lýst í 1. lið þegar um er að ræða:

a) farm sem er tekið á móti frá þekktum sendanda,

b) umskipaðan farm,

c) farm sem tryggt er, vegna uppruna og meðhöndlunar, að ógni ekki öryggi,

d) farm sem fellur undir lögbundnar kröfur þar sem kveðið er á um viðeigandi flugverndarstig.

6.4. **Viðmiðanir fyrir þekktan sendanda**

1. Viðurkenndur umboðsaðili eða flugfélag getur aðeins viðurkennt sendanda sem þekktan sendanda með því að:

a) staðfesta og skrá nafn og heimilisfang sendandans og þeirra umboðsmanna sem hafa heimild til að annast afhendingu fyrir hans hönd, og

b) krefjast þess að sendandinn lýsi því yfir að hann:

i) undirbúi sendingar á öruggum stað, og

ii) hafi áreiðanlegt fólk í vinnu við að undirbúa sendingarnar, og

iii) verji sendingarnar fyrir óheimilum aðgangi meðan á undirbúningi, geymslu og flutningi stendur, og

c) krefjast þess að sendandinn:

i) votti skriflega að sendingin innihaldi ekki neina bannaða hluti sem taldir eru upp í iv- og v-lið í viðbætinum, og

ii) samþykki að rannsaka megi pakka og innihald sendingarinnar af flugverndarástæðum.

6.5. **Flutningur með vöruloftfari**

Þegar unnt er að slá því föstu að sending skuli einungis flutt með vöruloftfari þarf ekki að beita viðmiðununum sem er lýst í lið 6.4, að því tilskildu að þekktur sendandi:

a) hafi staðfest og áreiðanlegt heimilisfang fyrirtækis, og

b) hafi áður notað flutningsþjónustu viðurkennda umboðsaðilans eða flugfélagsins, og

c) sé í föstu viðskiptasambandi við viðurkennda umboðsaðilann eða flugfélagið, og

d) tryggi að allar sendingar séu varðar gegn óheimilum aðgangi þar til flugfélagið tekur þær í sína umsjá.

6.6. **Umskipaður farmur**

Ekki þarf að beita flugverndareftirliti sem lýst er í 1. lið liðar 6.3 þegar um er að ræða umskipunarfarm sem kemur með flugi, að því tilskildu að hann sé varinn gegn óheimilum aðgangi á áningarstað. Annar umskipunarfarmur, t.d. farmur sem er fluttur með landflutningum, þ.m.t. járnbrautarlestum, sem hefur ekki verið undir flugverndareftirliti við brottför eða á leiðinni, skal skimaður í samræmi við b-lið 1. liðar í lið 6.3 og varinn fyrir óheimilum aðgangi.

7. PÓSTUR

7.1. **Framkvæmd**

Póstur, sem er fluttur með farþegaflugi, vöruflugi eða póstflugi, skal sæta flugverndareftirliti áður en hann er settur um borð í loftfar.

7.2. **Hæfi viðurkennds póstyfirvalds eða póststjórnar**

7.2.1. Viðurkennt póstyfirvald eða póststjórn, sem afhendir póst til flutnings hjá flugfélagi, skal standast eftirfarandi lágmarksviðmiðanir:

a) að vera tilnefnt, samþykkt eða skráð hjá viðeigandi yfirvaldi,

b) að uppfylla þær skyldur gagnvart flugfélögum að sinna tilskildu flugverndareftirliti,

c) að hafa í þjónustu sinni starfsfólk sem er ráðið og þjálfað á réttan hátt, og

d) að verja póst fyrir óheimilum aðgangi á meðan hann er í vörslu þess.

7.3. **Flugverndareftirlit**

1. Hraðpóstur. Einungis skal flytja hraðpóst (þ.e. póst sem á að afhenda innan 48 klukkustunda) með flugi ef eftirfarandi flugverndareftirlit hefur farið fram:

a) mótttaka, vinnsla og meðferð pósts skal unnin af starfsfólki sem er ráðið og þjálfað á réttan hátt,

b) póstur skal:

i) skoðaður með handleit eða þreifaður,

ii) skimaður með röntgentæki,

iii) settur í hermiklefa, eða

iv) athugaður á annan hátt, með öðrum aðferðum, annarri tækni eða líffræðilegum aðferðum, (t.d. leitarhundum, snefilgreiningartækjum, sprengjuleitarhundum o.s.frv.),

til að ganga úr skugga um að í póstinum séu ekki neinir bannaðir hlutir, og

c) upplýsingar um flug og áætlun loftfara, sem póstur er fluttur með, skal vera trúnaðarmál.

2. Annar póstur. Flytja má póst, sem er ekki hraðpóstur, með flugi, að því tilskildu að ráðstafanirnar, sem lýst er í a- og b-lið 1. liðar, hafi verið gerðar. Flugverndareftirlitinu, sem er lýst í b-lið 1. liðar, þarf einungis að beita á slembiúrtak úr póstinum.

3. Ekki þarf að beita flugverndareftirliti sem er lýst í b-lið 1. liðar þegar um er að ræða:

a) póst sem kemur frá þekktum sendanda,

b) bréf undir tiltekinni þyngd eða þykkt,

c) áreiðanlegar sendingar á vörum til að bjarga mannslífum,

d) verðmætar vörur sem hafa verið verndaðar á þann hátt að það jafngildi a.m.k. kröfunum sem er lýst í b-lið 1. liðar,

e) póstur sem er fluttur með póstflugi milli flugvalla í Bandalaginu,

f) umskipunarpóstur.

7.4. **Viðmiðanir um þekktan sendanda**

Viðurkennt póstyfirvald eða póststjórn getur aðeins viðurkennt sendanda sem þekktan sendanda með því að:

a) staðfesta og skrá nafn og heimilisfang sendandans og þeirra umboðsmanna sem hafa heimild til að annast afhendingu fyrir hans hönd,

b) krefjast þess að sendandinn lýsi því yfir að hann verji sendingarnar fyrir óheimilum aðgangi meðan á undirbúningi, geymslu og flutningi stendur, og

c) krefjast þess að sendandinn:

i) votti skriflega að sendingin innihaldi ekki neina bannaða hluti sem taldir eru upp í iv. og v. lið viðbætisins, og

ii) samþykki að póstsendingarpakka og innihald þeirra megi setja í flugverndareftirlit samkvæmt því sem lýst er í lið 7.3.

7.5. **Umskipunarpóstur.**

Ekki þarf að beita flugverndareftirliti sem lýst er í lið 7.3 í 1. mgr. þegar um er að ræða umskipunarpóst sem kemur með flugi að því tilskildu að hann sé varinn fyrir óheimilum aðgangi á áningarstað. Annar umskipunarpóstur, t.d. póstur sem er fluttur í landflutningum, þ.m.t. með járnbrautarlestum, sem hefur ekki sætt flugverndareftirliti við brottför eða á leiðinni, skal skimaður í samræmi við 1. lið liðar 7.3 og varinn fyrir óheimilum aðgangi.

8. PÓSTUR OG REKSTRARVÖRUR FLUGFÉLAGS

8.1. **Framkvæmd**

Fyrirtækispóstur og rekstrarvörur flugfélags, sem er flutt með þess eigin loftfari, skal sæta flugverndareftirliti áður en það er sett um borð í loftfar.

8.2. **Skilgreiningar**

Með fyrirtækispósti og rekstrarvörum er átt við sendingar á pósti og vörum innan fyrirtækisins, svo sem, en ekki eingöngu, skjölum, birgðum, viðhalds- og varahlutum, vistum og ræstingavörum og öðrum hlutum, sem afhentir eru innan fyrirtækisins eða til samningsbundins fyrirtækis til að nota í starfsemi flugfélagsins.

8.3. **Flugverndareftirlit**

Um allar sendingar flugfélags á fyrirtækispósti eða rekstrarvörum gildir eftirfarandi:

a) þær skulu skoðaðar og skimaðar til að tryggja að engum bönnuðum hlutum hafi verið komið fyrir í sendingu fyrirtækisins, og

b) þær skulu ekki skildar eftir eftirlitslausar áður en þær eru settar um borð í loftfar.

Flugfélög skulu tryggja að allar aðrar sendingar á fyrirtækispósti eða rekstrarvörum, sem samningsfyrirtæki sendir fyrir hönd fyrirtækisins, svo sem flugvistabúnaði og flugvistabirgðum, ræstingavörum og öðrum varningi sem samningsbundnir þjónustuveitendur nota, séu skimaðar áður en þær eru settar um borð í loftfar.

9. FLUGVISTIR OG BIRGÐIR FLUGFÉLAGS

9.1. Framkvæmd

Flugvistir, birgðir og önnur aðföng flugfélags um borð í loftfari skulu sæta flugverndareftirliti til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir séu fluttir um borð í loftfar.

9.2. Flugverndareftirlit

1. Birgjar fyrir flugvistir og aðföng flugfélags skulu sjá um flugverndareftirlit til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir komist í vistir og birgðir sem flytja á um borð í loftfar. Gera skal eftirfarandi ráðstafanir:

   a) öryggisfulltrúi, sem ber ábyrgð á að framkvæma og hafa yfirumsjón með flugvernd í fyrirtækinu, skal tilnefndur,

   b) miklar kröfur skulu gerðar um áreiðanleika þegar fólk er ráðið til starfa,

   c) allir starfsmenn, sem hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skulu standast kröfur í athugun á bakgrunni og skulu þeir fara að fyrirmælum um flugvernd sem flugvallaryfirvald setur,

   d) fyrirtækið skal koma í veg fyrir óheimilan aðgang að stöðvum sínum og birgðum,

   e) ef fyrirtækið er staðsett utan flugvallar skulu allar birgðir fluttar til loftfarsins í læstum eða innsigluðum ökutækjum, og

   f) meðferð og meðhöndlun vista og birgða skal framkvæmd af starfsfólki sem er ráðið og þjálfað á réttan hátt.

2. Eftir afhendingu skulu vistir og birgðir skimaðar af handahófi.

3. Vistir og birgðir frá fyrirtæki, sem hefur ekki látið gera ráðstafanirnar sem er lýst í 1. lið, skulu ekki teknar um borð í loftfar.

10. RÆSTINGAVÖRUR FLUGFÉLAGS

10.1. Framkvæmd og markmið

Flugfélög og ræstingafyrirtæki skulu gera ráðstafanir til að tryggja að engir bannaðir hlutir, sem gætu teflt öryggi loftfarsins í tvísýnu, séu í ræstingavörum sem farið er með um borð.

10.2. Flugverndareftirlit

1. Birgjar ræstingafyrirtækja flugfélaga skulu gera nauðsynlegar flugverndarráðstafanir til að koma í veg fyrir að bannaðir hlutir komist í ræstingavörur sem flytja á um borð.

   Gera skal eftirfarandi verndarráðstafanir:

   a) öryggisfulltrúi, sem ber ábyrgð á framkvæmd og eftirliti flugverndar í fyrirtækinu, skal tilnefndur,

   b) miklar kröfur skulu gerðar um áreiðanleika þegar fólk er ráðið til starfa,

   c) allir starfsmenn, sem hafa aðgang að svæðum þar sem aðgangur er takmarkaður, skulu standast kröfur í athugun á bakgrunni og skulu þeir fara að fyrirmælum sem flugvallaryfirvald setur,

   d) fyrirtækið skal koma í veg fyrir óheimilan aðgang að stöðvum sínum,

   e) ef fyrirtækið er staðsett utan flugvallar skulu ræstingavörur fluttar að loftfarinu í læstum eða innsigluðum ökutækjum, og

   f) meðferð og meðhöndlun ræstingavara skal vera á hendi starfsfólks sem er ráðið og þjálfað til starfa á réttan hátt, og

   g) ræstingavörur skulu skimaðar áður en þær eru sendar með fyrirtækispósti til annarra ákvörðunarstaða.

2. Eftir afhendingu skulu ræstingavörur skimaðar af handahófi,

3. Vörur frá fyrirtæki, sem gerir ekki verndarráðstafanirnar sem er lýst í 1. lið, skulu ekki teknar um borð í loftfar.

11. ALMANNAFLUG

11.1. Flugverndareftirlit

1. Ekki skal leggja loftförum í almannaflugi á flugvöllum í næsta nágrenni við loftför sem eru notuð í atvinnuflugi til að komast hjá því að brjóta gegn flugverndarráðstöfunum sem eru gerðar vegna þeirra og vegna farangurs, farms og pósts sem flytja á um borð.

2. Framfylgja skal ákvæðum um að aðskilja skimaða farþega loftfara í atvinnuflugi frá þeim sem fljúga með loftfari í almannaflugi á grundvelli eftirfarandi viðmiðana:

   a) á stórum flugvöllum skal gera ráðstafanir með hindrunum og/eða flugverndareftirliti til að koma í veg fyrir að þeir sem koma eða fara með loftfari í almannaflugi blandist farþegum sem þegar hafa verið skimaðir,

   b) ef mögulegt er skulu þeir sem koma og fara með loftfari í almannaflugi fara um sérstaka flugstöð fyrir almannaflug og, þegar farið er um borð eða frá borði á hlaði, skal þeim annaðhvort haldið frá farþegum sem hafa verið skimaðir eða þeir fluttir í sérstakri hópbifreið eða bifreið eða hafðir undir stöðugu eftirliti,

   c) ef sérstök flugstöð er ekki fyrir hendi skulu þeir sem fljúga í almannaflugi annaðhvort:

      i) fara í gegnum sérstakan hluta flugstöðvarbyggingarinnar og fá fylgd eða vera fluttir með hópbifreið eða bifreið til og frá loftfarinu,

      ii) settir í skimun áður en þeir fara inn á haftasvæði flugverndar ef óhjákvæmilegt er að þeir fari um flugstöðina, eða

      iii) fara í annars konar flugverndareftirlit sem skilar sama árangri, allt eftir aðstæðum á hverjum stað.

12. RÁÐNING OG ÞJÁLFUN STARFSFÓLKS

12.1. Innlend þjálfunaráætlun um flugvernd

Viðeigandi yfirvald skal semja og framkvæma innlenda þjálfunaráætlun um flugvernd til að gera flugáhöfn og starfsfólki á jörðu niðri kleift að uppfylla kröfur um flugvernd og bregðast við ólöglegum aðgerðum í flugi.

12.2. Flugverndarstarfsmenn

1. Innlend þjálfunaráætlun um flugvernd skal fela í sér val, hæfni, þjálfun, starfsréttindi og hvatningu fyrir flugverndarstarfsmenn. Fólk, sem er ráðið til að taka að sér flugverndarstörf í fullu starfi eða að hluta, skal uppfylla eftirfarandi kröfur sem viðeigandi yfirvald ákveður:

   a) stjórnendur, sem skipuleggja og framkvæma þjálfun fyrir flugverndarstarfsmenn, starfsmenn flugfélaga og flugvallarstarfsfólk, skulu hafa nauðsynleg starfsréttindi, þekkingu og reynslu sem skal að lágmarki fela í sér:

      i) umfangsmikla reynslu í flugverndaraðgerðum,

      ii) starfsréttindi, samþykkt af viðeigandi, innlendu yfirvaldi eða annað, jafngilt samþykki sem innlenda yfirvaldið gefur út, og

      iii) þekkingu á eftirfarandi sviðum:

         1. flugverndarkerfum og aðgangsstjórn,

         2. flugvernd á jörðu niðri og í flugi,

3. skimun áður en gengið er um borð,

4. flugvernd farangurs og farms,

5. flugvernd loftfara og leit í þeim,

6. vopnum og bönnuðum hlutum,

7. yfirlit yfir hryðjuverkastarfsemi, og

8. öðrum sviðum og aðgerðum sem tengjast flugvernd sem teljast viðeigandi til að auka flugverndarvitund,

b) yfirmenn og leiðbeinendur, sem taka þátt í og eru ábyrgir fyrir þjálfun flugverndarstarfsmanna og flugvallarstarfsfólks, skulu fá reglubundna, árlega þjálfun í flugvernd og nýjustu framförum á því sviði.

2. Þjálfun flugverndarstarfsmanna

Flugverndarstarfsmenn skulu þjálfaðir til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin; slík þjálfun skal fela í sér, en þó ekki takmarkast við, eftirfarandi flugverndarsvið:

1. skimunartækni og -aðferðir,

2. skimunaraðgerðir á gátstöðum,

3. aðferðir við leit í handfarangri og lestarfarangri,

4. flugverndarkerfi og aðgangsstjórn,

5. skimun áður en gengið er um borð,

6. flugvernd farangurs og farms,

7. flugvernd loftfara og leit í þeim,

8. vopn og hluti sem eru háðir takmörkunum,

9. yfirlit yfir hryðjuverkastarfsemi, og

10. önnur svið sem tengjast flugvernd þar sem talið er að auka þurfi flugverndarvitund.

Heimilt er að auka þjálfun í samræmi við þarfir að því er varðar flugvernd og tækniþróun. Upphaflegur þjálfunartími fyrir starfsmenn, sem framkvæma skimun, skal ekki vera styttri en tilgreint er í tilmælum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

3. Starfsréttindi flugverndarstarfsmanna

Starfsmenn, sem hafa skimun með höndum, skulu hafa samþykki eða starfsréttindi frá viðeigandi, innlendu yfirvaldi.

4. Hvatning flugverndarstarfsmanna

Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að flugverndarstarfsmenn fái mikla hvatningu svo að þeir vinni störf sín af áhuga og skilvirkni.

12.3. **Aðrir starfsmenn**

Áætlun um flugverndarþjálfun og þjálfun til að auka flugverndarvitund flugáhafna og flugvallarstarfsmanna skal miðast við bæði grunn- og framhaldsþjálfun fyrir alla starfsmenn flugfélaga og flugvalla bæði í lofti og á jörðu niðri. Þjálfunin skal stuðla að aukinni flugverndarvitund og einnig umbótum á þeim flugverndarkerfum sem eru í notkun. Hún skal ná yfir eftirfarandi:

1. flugverndarkerfi og aðgangsstjórnun,

2. flugvernd á jörðu niðri og í flugi,

3. skimun áður en gengið er um borð,

4. flugvernd farangurs og farms,

5. flugvernd loftfara og leit í þeim,

6. vopn og bannaða hluti,

7. yfirlit yfir hryðjuverkastarfsemi, og

8. önnur svið og ráðstafanir sem tengjast flugvernd þar sem talið er rétt að auka flugverndarvitund.

Námskeið í flugverndarþjálfun fyrir alla flugvallarstarfsmenn og starfsmenn flugfélags á jörðu niðri, sem hafa aðgang að haftasvæðum flugverndar, skulu skipulögð þannig að þau séu a.m.k. þriggja klukkustunda bóklegt nám og ein klukkustund á vettvangi.

13. VIÐMIÐUNARREGLUR UM BÚNAÐ

Búnað, sem er notaður til að stuðla að flugvernd, skal viðeigandi yfirvald samþykkja í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem eru settar fram í þessum þætti.

13.1. Málmleitartæki

1. *Málmleitarhlið*

Málmleitarhlið, sem er notað við skimun farþega á flugvöllum, skal standast eftirfarandi kröfur:

a) Öryggi

i) búnaðurinn skal geta fundið litla hluti úr margs konar málmum og vera sérstaklega næmur á hluti sem innihalda einhvers konar járnblöndur við allar fyrirsjáanlegar aðstæður,

ii) búnaðurinn skal geta fundið málmhluti óháð því hvernig þeir snúa og hvar í ramma leitartækisins þeir eru,

iii) næmi búnaðarins skal vera svo jafnt sem unnt er um allan rammann og skal haldast stöðugt og kannað reglulega.

b) Notkunarkröfur

Umhverfið skal ekki hafa áhrif á starfsemi búnaðarins.

c) Viðvörunarmerki

Ef málmur finnst skal það gefið til kynna á sjálfvirkan hátt þannig að leitarmaður þurfi ekki að ákvarða slíkt (hleypa í gegn/stöðva-kerfi):

d) Eftirlit

i) Búnaðurinn skal vera stillanlegur til að uppfylla allar tilgreindar kröfur um fundvísi og einnig skal styrkur hljóðmerkis vera stillanlegur.

ii) Stýring á stillingu fyrir fundvísi skal þannig gerð að komið sé í veg fyrir óheimilan aðgang. Stillingar skulu gefnar til kynna á skýran hátt.

e) Kvörðun

Kvörðunaraðferðir skulu ekki vera aðgengilegar óviðkomandi aðilum.

2. *Handmálmleitartæki*

Handmálmleitartæki, sem er notað við skimun farþega, skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Búnaðurinn skal við allar fyrirsjáanlegar aðstæður geta fundið lítið magn af málmi án þess að vera í beinni snertingu við hlutinn.

b) Búnaðurinn skal geta fundið hluti bæði úr járni og öðrum málmum.

c) Leitarspólan skal vera þannig gerð að hún staðsetji auðveldlega málmhlut sem finnst.

d) Á búnaðinum skulu vera heyranleg og/eða sýnileg viðvörunarmerki.

13.2. **Staðlar og prófunaraðferðir fyrir röntgentæki**

1. *Gildissvið*

a) Búnaður

Þessar kröfur og viðmiðunarreglur fyrir röntgenbúnað skulu gilda um allan skimunarbúnað, byggðan á röntgentækni sem kallar fram myndir sem notandi þarf að lesa úr. Þetta á við um venjulega röntgengeislu, svo og greiningarkerfi fyrir sprengiefni eða sprengibúnað, notuð í myndbirtiham.

b) Hlutir

Á sama hátt gilda þessar kröfur og viðmiðunarreglur fyrir röntgenbúnað um alla hluti sem eru skimaðir, af hvaða gerð eða stærð sem þeir eru. Skima verður alla hluti, sem fara um borð í loftfar, sem þarf að skima, samkvæmt þeim kröfum sem koma fram í þessum viðauka.

2. *Kröfur um notkæfi*

a) Vernd

Röntgentækið skal, að því er varðar upplausn, smygni og sundurgreiningu, gera kleift að finna bannaða hluti og tryggja að þeir séu ekki fluttir um borð í loftfar.

b) Prófanir

Meta skal notkæfi með viðeigandi prófunaraðferðum.

c) Kröfur um notkun

Röntgentækið skal sýna fullgerða mynd af öllum hlutum sem rúmast í gegnumlýsingargöngunum. Sjást verður út í öll horn.

Halda skal í lágmarki bjögun á hlutnum sem er sýndur.

Á belti vélarinnar skulu vera merki sem sýna hvar setja á farangur á beltið til að sem bestar myndir náist.

Birtumunur: röntgentækið skal geta birt hópa af grátónum (skannað þrengra svið).

Mynd af hverjum hluta farangursins, sem er skimaður, skal sjást á skjánum í a.m.k. 5 sekúndur. Auk þess skal notandinn geta stöðvað beltið og, ef þörf krefur, látið það ganga til baka þegar frekari rannsókn er nauðsynleg.

Skjástærð: skjárinn skal vera nægilega stór til að notandinn eigi auðvelt með að skoða myndina (venjulega 14 tommur eða meira).

Eiginleikar skjásins: skjárinn skal vera laus við flökt og vera með a.m.k. 800 línum (venjulega 1024 × 1024 myndeiningar, þ.e. skjár með hágæðaupplausn).

Ef notaðir eru tvöfaldir skjáir skal annar aðeins sýna svart-hvíta mynd.

Röntgentækið skal sýna útlit hluta sem það getur ekki gegnumlýst.

Röntgentækið skal hafa þá virkni að geta aðgreint lífræn og ólífræn efni (með litum).

Kerfin skulu geta fundið sjálfvirkt hættulega hluti til að auðvelda notandanum leitina.

3. *Viðhald*

Ekki skal gera neinar breytingar sem eru ekki leyfðar, þ.m.t. viðhald eða viðgerðir. Ekki má gera neinar breytingar á vélbúnaði eða hugbúnaði tækisins nema sannreynt hafi verið að það hafi ekki slæm áhrif á myndbirtingu.

Ekki skal skipta um efni í beltinu nema sannreynt hafi verið að það valdi engum breytingum á myndbirtingu.

Ef mótald er fyrir viðhald eða uppfærslu skal hafa eftirlit með aðgangi og vakta hann.

———

Viðbætir

Viðmiðunarreglur um flokkun bannaðra hluta

Hér á eftir eru settar fram leiðbeiningar varðandi mögulega lögun vopna og hluta sem eru háðir takmörkunum en þó ber að láta heilbrigða skynsemi ráða við mat á því hvort hægt sé að nota hlut sem vopn.

i) Skotvopn: öll vopn sem hægt er að hleypa skoti af með sprengikrafti eða samanþjöppuðu lofti eða gasi, þ.m.t. ræsibyssur og byssur til að skjóta blysum.

ii) Hnífar og skurðarverkfæri: þ.m.t. höggsverð, sverð, pappahnífar, veiðihnífar, hnífar sem eru minjagripir, tæki til bardagaíþrótta, iðnaðarverkfæri og aðrir hnífar með 6 cm löngum blöðum eða meira og/eða hnífar sem teljast ólöglegir samkvæmt landslögum.

iii) Barefli: vasakylfur, kylfur, hafnaboltakylfur og svipuð áhöld.

iv) Sprengiefni/skotfæri/eldfimir vökvar/ætandi efni: öll sprengiefni eða íkveikjuefni sem geta, ein eða ásamt öðrum efnum, valdið sprengingu eða eldsvoða. Þetta eru m.a. sprengiefni, hvellhettur, flugeldar, bensín, aðrir eldfimir vökvar, skotfæri o.s.frv. eða samsetning þessara hluta. Það sama gildir um öll ætandi efni og eiturefni, þ.m.t. gastegundir, hvort sem þær eru undir þrýstingi eða ekki.

v) Hlutir sem gera menn óvirka: táragas hvers konar og svipaðir efnavökvar og lofttegundir, hvort heldur sem er í byssu, hylki eða öðru íláti, og önnur tæki sem gera menn óvirka, s.s. tæki til að gefa raflost.

vi) Aðrir hlutir: hlutir eins og ísaxir, broddstafir, rakhnífar og löng skæri sem hægt er að nota sem vopn þótt ekki sé almennt litið á þau sem banvæn eða hættuleg vopn, þ.m.t. leikföng sem eru eftirlíkingar af vopnum og handsprengjum.

vii) Ýmiss konar hlutir sem geta vakið eðlilegar grunsemdir um að nota megi hlutinn til að líkja eftir lífshættulegu vopni; þetta geta t.d. verið hlutir sem líkjast sprengibúnaði eða vopnum eða líta út fyrir að vera hættulegir.

viii) Efnafræðileg eða líffræðileg vopn og efni:

Möguleikinn á efnafræðilegum og líffræðilegum árásum felur í sér notkun efnafræðilegra eða líffræðilegra áhrifavalda til að fremja ólöglegar aðgerðir. Slík efnafræðileg og líffræðileg efni, sem eru háð takmörkunum, geta m.a. verið, en takmarkast þó ekki við, eftirfarandi: sinnepsgas, vx., klór, sarín, vetnissýaníð, miltisbrand, bótulisma, kúabólu, hérasótt og veirublóðsjúkdóm.

Tilkynna skal þegar í stað til flugvallaryfirvalda, lögreglu, hers eða annarra yfirvalda um hluti ef merki sjást um að þeir innihaldi efnafræðileg eða líffræðileg efni eða grunur vaknar um slíkt og skulu þeir einangraðir frá almennum flugstöðvarsvæðum.

Fylgiskjal III.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 62/2004 **2004/EES/43/27**

frá 26. apríl 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 2/2004 frá 6. febrúar 2004 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([2]) var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 með sérstökum aðlögunarákvæðum fyrir einstök ríki.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 66h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002) í XIII. viðauka við samninginn:

„66i. **32003 R 0622**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd (Stjtíð. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9)."

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 622/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. Westerlund

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 42 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 20, 22.4.2004, bls. 3.
([2]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal IV.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 622/2003

frá 4. apríl 2003

um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórninni ber að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópusambandinu. Reglugerð er best til þess fallin.

2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega.

3) Í þessu skyni er nauðsynlegt að heimila að gerður sé greinarmunur á flugvöllum með hliðsjón af mati á staðbundinni áhættu. Því ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um þá flugvelli sem taldir eru vera í lítilli hættu.

4) Heimila ber einnig að beita megi mismunandi framkvæmdaráðstöfunum eftir því um hvers konar flugstarfsemi er að ræða. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um það ef öðrum ráðstöfunum er beitt til að tryggja jafngilda flugvernd.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til framfylgdar og tæknilegrar aðlögunar sameiginlegum grunnreglum um flugvernd, sem taka ber upp í innlendar flugverndaráætlanir í almenningsflugi.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „Innlend flugverndaráætlun í almenningsflugi“: reglur, starfsvenjur og málsmeðferð sem aðildarríkin samþykkja skv. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 til að tryggja flugvernd í almenningsflugi á yfirráðasvæði sínu.

— „Viðeigandi yfirvald“: innlent yfirvald sem aðildarríki tilnefnir skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 til að bera ábyrgð á samræmingu á og eftirliti með framkvæmd flugverndaráætlunar þess ríkis í almenningsflugi.

3. gr.

Trúnaðarkvöð

Ráðstafanirnar, sem um getur í 1. gr., eru settar fram í viðaukanum.

Ráðstafanirnar skulu vera leynilegar og ekki birtar opinberlega. Einungis þeir sem til þess hafa tilskilið umboð aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar skulu hafa aðgang að þeim.

4. gr.

Tilkynning

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um þá flugvelli þar sem þau hafa nýtt sér kostinn sem heimilaður er skv. a- eða c-lið 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2320/2002.

5. gr.

Aðrar ráðstafanir

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um aðrar ráðstafanir sem beitt er í samræmi við lið 4.2 í viðauka við reglugerð (EB) 2320/2002.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 19. apríl 2003.

([1]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Loyola DE PALACIO
varaforseti.

VIÐAUKI

ÍTARLEGAR FLUGVERNDARRÁÐSTAFANIR

Í samræmi við 3. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fylgiskjal V.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 109/2004 **2004/EES/65/19**

frá 9. júlí 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn", einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2004 frá 8. júní 2004 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([2]) var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004 ásamt aðlögunarákvæðum fyrir einstök lönd.

3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2004 frá 15. janúar 2004 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til framkvæmdar sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ([3]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 R 0068**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2004 frá 15. janúar 2004 (Stjtíð. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 14)."

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 68/2004, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kjartan Jóhannsson

formaður.

([1]) Stjtíð. ESB L 349, 25.11.2004, bls. 36 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 59, 25.11.2004, p. 12.
([2]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 10, 16.1.2004, bls. 14.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal VI.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 68/2004

frá 15. janúar 2004

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórninni ber, skv. reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Evrópusambandinu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd ([2]) var fyrsta gerðin um slíkar ráðstafanir.

2) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegt athæfi er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.

3) Engu að síður er þörf á samræmdri skrá, sem almenningur hefur aðgang að, þar sem taldir eru upp þeir hlutir, sem farþegum er bannað að bera inn á haftasvæði og inn í farþegarými loftfars, og þeir hlutir sem bannað er að hafa í farangri sem geymdur er í lest loftfarsins.

4) Vitað er að slík skrá getur aldrei verið tæmandi. Viðeigandi yfirvald ætti því að hafa heimild til að banna aðra hluti til viðbótar við þá sem eru í skránni. Rétt er að tilkynna farþegum á skýran hátt, fyrir og við innskráningu, hvaða hlutir eru bannaðir.

5) Einnig skulu vera samræmdar reglur um starfsfólk, þ.m.t. flugáhafnir, og rétt starfsfólks til að flytja með sér hluti sem eru nauðsynlegir til að það geti sinnt starfi sínu en eru bannaðir farþegum.

6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglu eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. febrúar 2004.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

VIÐAUKI

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

([1]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 89, 5.4.2003, bls. 9.

Fylgiskjal VII.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 155/2004

frá 29. október 2004

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2004 frá 24. september 2004 ([1]).

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([2]) var felld inn í samninginn, með aðlögunarákvæðum fyrir einstök lönd, með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2004 frá 26. apríl 2004.

3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 849/2004 frá 29. apríl 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi ([3]), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66h (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32004 R 0849**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 849/2004 frá 29. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 849/2004, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 3, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 30. október 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ([*]).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. október 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

([1]) Stjtíð. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 55 og EES-viðbætir við Stjtíð. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 41.
([2]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1.
([*]) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal VIII.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 849/2004

frá 29. apríl 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2320/2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi

(Texti sem varðar EES)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 2320/2002 ([3]) eru settar samræmdar reglur á sviði flugverndar í almenningsflugi.

2) Beiting reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 hefur sýnt að þörf er á tæknilegum breytingum. Þessar breytingar miða hvorki að því að breyta gildissviði reglugerðarinnar né heldur hafa þær á neinn hátt áhrif á vernd farþega í almenningsflugi.

3) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002 er leyft að önnur, en þó fullnægjandi, flugverndarstig verði ákveðin fyrir minnstu flugvellina. Í samræmi við það er leyft að sama, fullnægjandi flugverndarstig gildi bæði á flugtaks- og lendingarstað.

4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 2320/2002 til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 2320/2002:

1) Eftirfarandi skilgreining bætist við 2. gr.:

„4) „aðgreint svæði“: svæði sem er aðgreint frá öðrum haftasvæðum flugverndar á flugvelli með aðgangseftirliti.“

2) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

– eftirfarandi komi í stað 3. mgr.:

„3. Á grundvelli mats á staðbundinni áhættu, og ef beiting flugverndarráðstafananna, sem eru tilgreindar í viðaukanum, er misjöfn eða ef ekki er hægt að beita þeim af hlutlægum hagkvæmnisástæðum, geta viðeigandi yfirvöld í aðildarríki samþykkt innlendar verndarráðstafanir til að veita nægilega vernd á flugvöllum:

a) þar sem tvær flugferðir í atvinnuskyni á dag eru árlegt meðaltal að hámarki eða

b) þar sem einungis er um að ræða almannaflug eða

([1]) Áliti var skilað 28. janúar 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 11. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), ákvörðun ráðsins frá 29. apríl 2004.
([3]) Stjtíð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1.

c) þar sem atvinnustarfsemi takmarkast við loftför með minna en 10 tonna hámarksflugtaksþyngd eða færri en 20 sæti,

að teknu tilliti til sérkenna slíkra, lítilla flugvalla.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu gera framkvæmdastjórninni grein fyrir þessum ráðstöfunum."

– eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a) Ákvæði 3. mgr. geta einnig gilt um aðgreind svæði flugvalla:

a) þar sem einungis er um að ræða almannaflug eða

b) þar sem atvinnustarfsemi takmarkast við loftför með minna en 10 tonna hámarksflugtaksþyngd eða færri en 20 sæti.

Tilgreina skal aðgreint svæði í flugverndaráætlun flugvallarins.

Tilkynna skal um þetta til ákvörðunarflugvallarins, að því er varðar hvert flug frá aðgreindu svæði flugvallar, fyrir komutíma flugsins."

3) Í 7. gr. koma orðin „undir eftirliti", „samræmiseftirlit", „eftirlitsmenn" og „samræmiseftirlitsskýrslur" í stað orðanna „skoðaðir", „úttekt", „skoðunarmenn" og „úttektarskýrslur".

4) Viðaukanum er breytt sem hér segir:

– eftirfarandi málsgrein bætist við í lið 5.2.:

„3. Undanþágur

Setja má lestarfarangur þeirra sem eru tilgreindir í 3. lið liðar 4.1 í sérstaka skimunarmeðferð eða undanþiggja hann skimun."

– eftirfarandi komi í stað lokasetningarinnar í b-lið 1. liðar í lið 7.3:

„svo að tryggt sé eins og hægt er að í honum sé enginn bannaður hlutur eins og tilgreint er í iv- og v-lið í viðbætinum, nema tilkynnt hafi verið um hann og tryggilega séð um að gildandi öryggisráðstafanir nái til hans og".

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 29. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
P. COX
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
M. McDOWELL
forseti.

5. apríl 2005 Nr. 362

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Dimmuhvarf 14. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 20. janúar 2005 samþykkt tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 14 við Dimmuhvarf. Í breytingunni felst að norðvestan núverandi íbúðarhúss er bætt við byggingarreit fyrir vinnustofu á 1. hæð, að hámarki 112,5 m^2 að flatarmáli.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.